

**Ársskýrsla stjórnar**  
Myndlistaskólans í Reykjavík  
2012

**Myndlistaskólinn í Reykjavík**

[www.myndlistaskolinn.is](http://www.myndlistaskolinn.is)

[www.facebook.com/myndlistaskolinn](http://www.facebook.com/myndlistaskolinn)

Umsjón og ábyrgð: Ingibjörg Jóhannsdóttir

Myndir: ýmsir

Prentun: Pixel

Umbrot: Hrönn Magnúsdóttir

Nemendaverk á kápu eftir 13-16 ára nemendur á  
námskeiðinu *Teikning - málun - grafík*.

Inn á saurblaði: lokið við málun á myndlistaverki  
á framhlið húss, verk eftir Hildigunni Birgisdóttir  
og Kolbein Huga Höskuldsson.

Útgefið í júní 2013

**MYNDLISTASKÓLINN**

**Í R E Y K J A V Í K**

## ÁVARP SKÓLASTJÓRA

Árið 2012 var um margt sérstakt. Að vori útskrifuðust fyrstu nemendurnir úr nýjum diplómadeildum í Teikningu og Textíl og var að því tilefni haldin stór sýning í tilvonandi Lækningaminjasafni á Seltjarnarnesi þar sem 75 nemendur í fullu námi við skólann sýndu verk sín. Þar af voru 46 nemendur í diplómanámi og 29 á myndista- og hönnunarsviði. Á árinu lauk formlega tveggja ára Evrópuverkefni, Verklag 2 (Knowhow2), sem undirbyggði með myndarlegum hætti þróun nýju diplómanámsbrautanna.

Ný skólanámsskrá var fullgerð í árslok en töluverð vinna fór í að þróa áfram nýja áfanga í tengslum við Sjónlistadeild sem er ný námsbraut sett upp í samvinnu við Kvennaskólann. Af brautinni geta nemendur lokið stúdentsprófi. Einnig þurfti að gæti þess að nýja skólanámsskráin væri í takti við nýja aðalnámsskrá framhaldsskóla.

Í heild var starf skólans farsælt. Nokkur hreyfing var á starfsfólk sem ýmist fór í leyfi tengt starfslaunum listamanna eða ákvað að breyta um starfs-vettvang innan skólans. Styrkur skólans felst í fjölbreyttum hópi starfandi listamanna sem sífellt eru að endurnýja sig í gegnum list- og hönnunartengd störf.

Í skýrslunni hér á eftir fjallar skólastjóri um megin verkefni stjórnar Myndlistaskólans í Reykjavík og deildarstjórar gera grein fyrir starfi sinna deilda. Mikilvægt er að taka saman upplýsingar sem þessar á ári hverju. Sést þá best hvernig miðar áfram við að þróa og bæta starf skólans, setja sér ný markmið og njóta þess sem áunnist hefur.

*Ingibjörg Jóhannsdóttir*



Efnisyfirlit:

Skýrsla stjórnar sjálfeignarstofnunnar . . . . .	2
Hoffmannsgallerí . . . . .	6
Bókasafn . . . . .	7
Almenn námskeið . . . . .	8
Barna- og unglinganámskeið . . . . .	10
Myndlista- og hönnunarsvið /Sjónlistadeild . . . . .	15
Teikning . . . . .	23
Keramikkjörsvið . . . . .	26
Mótun . . . . .	26
Textíll . . . . .	29
Skipurit . . . . .	31
Tölulegar upplýsingar . . . . .	32
Félagatal . . . . .	34

# SKÝRSLA STJÓRNAR

## - FUNDIR Í STJÓRN SJÁLFSEIGNARSTOFNUNNAR

Haldnir voru sex stjórnarfundir. Í stjórn sjálfseignarstofnuninnar sátu ásamt skólastjóra Kristinn G. Harðarson (stjórnarformaður), Inga Þórey Jóhannsdóttir, Hildur Bjarnadóttir, Brynhildur Pálsdóttir Margrét H. Blöndal og Sigtryggur Bjarni Baldvinsson sem sat fram að aðalfundi, 4. júní en þá kom Áslaug Thorlacius inn í stjórn í stað Sigtryggs. Í stjórn félags Myndlistaskólans sátu eftirtaldir aðilar Eglo Harðardóttir, Ína Salóme Hallgrímsdóttir, Guðrún Hannesdóttir, Sólveig Aðalsteinsdóttir, Guðbjörg Káradóttir, Guðjón Ketilsson og Herdís Ellen Gunnarsdóttir. Tveir almennir félagsfundir voru haldnir; árlegt jólaboð og aðalfundur.

### UMRÆÐUR Í STJÓRN




Í stjórn sjálfseignarstofnunarinnar var rætt hvernig mætti **þróa áfram námskeiðahluta skólans**. Ýmsar hugmyndir komu upp, meðal annars hvernig skólinn gæti þjónað landsbyggðinni betur, hvernig byggja mætti upp námskeið í tengslum við diplómadeildir, og þróa málaranámskeið svo eitthvað sé nefnt. Einnig hvort skólinn gæti á einhvern hátt stuðlað betur að almennum áhuga á myndlist í samfélagini og unnið markvissat með aukinn áhuga ungs fólks á sjónrænum þáttum. Rætt var um að námskeiðahluta skólans hefði mátt sinna betur en skólastjóri hefur séð um námskeiðin og hafa annir verið miklar í tengslum við uppbyggingu í diplómadeildum og sjónlistadeild.

Í framhaldi af þessum umræðum var ráðgert að ráða í **50% starfshlutfall sérstaka deildarstjórn** námskeiðahluta þar sem markmiðið væri að þróa áfram og bæta starfið. Fljótegla eftir að ákveðið var að auglýsa 50% starf sagði Þorbjörg Þorvaldsdóttir starfi sínu lausu sem deildarstjóri barnadeilda. Það hafði verið 70% starfshlutfall. Í kjölfarið var ákveðið að auglýsa starf beggja en halda því opnu hvort mögulegt væri að ráða einn starfsmann í 100% starf. Einnig var auglýst eftir starfsmanni á skrifstofu. Alls sóttu 74 um starf deildarstjóra og 26 um starf á skrifstofu. Elsa Dóróthea Gísladóttir og Sólveig Aðalsteinsdóttir fóru yfir umsóknir og tóku viðtöl með skólastjóra. Í maí var Halldóra Ingimarsdóttir ráðin deildarstjóri yfir barnadeild og námskeiðum í 100% starfshlutfall og Hrönn Magnúsdóttir í 100% starfshlutfall á skrifstofu.

Rætt var um mikilvægi þess að fá að taka inn annan hóp af **nemendum í nýju sjónlistadeildina**. Samkvæmt samningi skólans við ráðuneyti var ekki gert ráð fyrir inntökum nýrra nemenda fyrr en fyrsti hópurinn hefði útskrifast og því yrðu nýir nemendur ekki teknir inn fyrr en vorið 2013, samkvæmt því. Til að knýja á um leyfi til að taka annan hóp inn vann Inga Þórey Jóhannsdóttir að vandaðri úttekt á fyrstu önninni sem var lögð fram í ráðuneyti ásamt drögum að námsskrá. Um miðjan maí barst svar frá ráðuneyti um að skólanum yrði heimilt að taka nýjan hóp inn - án þess að hærrí framlög ráðuneytis kæmu sérstaklega til.

Rætt var um að mikilvægt væri að yfirfara og **skoða launaþróun innan skólans**. Ákveðið var að fá Herdís Gunnarsdóttur til að vinna að úttekt. Í desember skilaði Herdís af sér skýrslu þar sem fram kom að laun kennara í framhaldsskóla höfðu hækkað þónokkuð meira en laun kennara Myndlistaskólans. Ákveðið var að kynna niðurstöður

úttektar á launaþróun á almennum kennarafundi á nýju ári. Stjórn skólans ákvað að mikilvægt væri að vinna að leiðréttingu eftir því sem fjárhagur leyfði. Rekstur skólans hefur verið sveiflukenndur og hafa endurbætur á húsnaði verið kostnaðarsamar. Einnig hefur sett strik í reikninginn að framlög frá ríki og borg hafa verið skert í kjölfar kreppu. Samningur við Reykjavíkurborg var tekinn úr sambandi við vísitölu árið 2009 og ef sú vísitala er framreknuð og lögð saman við skerðingu á framlögum þá fær skólinn nú 30% minni en hann hefði fengið ef ekkert hefði í skorist. Þá eru ekki taldar auknar álögur á skólanum í formi hærri fasteignaskatta sem lögðust á af fullum þunga árið 2008. Skólar höfðu verið undanþegnir fasteignaskatti fram að þessu og síðar fengið styrki á móti fasteignskattsgreiðslum í kjölfar nýrra laga. Enginn styrkur fékkst til að mæta fasteignaskatti eftir 2008. Raun framlag ríkis hefur einnig minnkað á síðustu fjórum árum og hefur heildarskerðing, þegar tekið er tillit til áætlaðrar vísitöluuppfærslu, verið skert um 15%.



Þjónustusamningur við **Reykjavíkurborg var undirritaður í lok janúar**. Hafði hann verið hækkaður um 2 milljónir fyrir námskeiðin og 2 milljónir sem ætlaðar voru í að endurvekja listbúðir sem er samstarfsverkefni við grunnskóla. Með hækkun, lækkaði skerðing úr 40% í 30% að teknu tilliti til visitöltuneringar sem samningurinn var áður bundinn við. Samningurinn var gerður til eins árs og án nokkurar visitöltengingar. Mikilvægt er að koma inn visitöltengingu og semja jafnframt til lengri tíma og verður unnið að því áfram.


**Ný skolanámsskrá var lögð fyrir stjórн skólans í lok árs.** Er þar byggt á nýjum lögum um framhaldsskóla og nýrri aðalnámsskrá. Helstu breytingar eru að í nýrri námsskrá er horft í meira mæli frá sjónarholi nemenda, námið er mælt í vinnu nemenda og námsmarkmið sett fram út frá hvaða hæfni nemandi á að ná. Í skolanámsskrá er nú einnig kveðið á um sérstakt skólaráð til hliðar við skólanefnd og nemendur og kennrar munu eiga meiri aðkomu að þessum stjórnum og nefndum. Einig þarf að vera starfandi í skólanum nemendafélag. Koma þarf þessum breytingum á skólaárið 2013-2014.

Lögð var áhersla á að klára skolanámsskrár sem fyrst í ljósi þess að samningar við ráðuneyti um gamla fornármshlutann og námskeiðahlutann rynnu út um áramótin 2012/13.

Akveðið var að skólastjóri saekti um að fjármagn vegna diplómadeilda rynni beint til skólans en ekki í gegnum Tækkniskólann eins og nú er þó samstarfi við Tækkniskólann yrði haldið áfram í tengslum við akveðna áfanga sem þeir hafa góða þekkingu á. Rekstur skólans yrði tryggari ef fjármagn gengi beint til skólans og umsýslukostnaður minnkaði. Í þessu skyni skrifuð Baldur Gíslason, skólastjóri Tækkniskólans og skólastjóri Myndlistasólans sameiginlegt bréf til ráðherra menntamála. Engin niðurstaða var komin um áramót.

**Evrópuverkefninu Verklag 2 lauk formlega** og skilaði skólastjóri lokaskýrslu í mars. Ólöf Gerður Sigfúsdóttir vann innra mat á verkefninu sem lagt var fram með lokaskýrslu. Verkefnið fékk ágætis einkunn samkvæmt formlegu mati.

Ákveðið var að fá **nýjan endurskoðanda** þar sem kostnaður KPMG hefur vaxið hratt. Því ákvað stjórн að skipta um endurskoðunarfyrtæki frá og með árinu 2012.



## FUNDIR, FYRIRLESTRAR OG HEIMSÓKNIR

- í lok janúar tók skólastjóri, deildarstjóri Mótunar og einn nemandi Mótunar þátt í fundaröð Menntamálaráðuneytis um stafsmenntun þar sem sjónum var sérstaklega beint að handverki og hönnun.
- í byrjun febrúar hélt Einar Garibaldi opinn fyrirlestur sem var sérstaklega ætlaður námskeiðaskólanum um málverkið í samtímanum og gerðu nemendur góðan róm að fyrirlestrinum.
- Ákveðið var að skólastjóri færri með Mótunarlóp í heimsókn í listaháskólanum í Halle í Þýskalandi. Tilgangur heimsóknar var að fá niðurstöðu í hvort einhver möguleiki væri þar á, að nemendur fengju nám sitt metið inn í BA nám. Mótunardeildin hefur frá upphafi átt í góðu samstarfi við skólanum, fengið gestakennara þaðan og heimsótt skólanum í Þýskalandi á ári hverju. Talsverður áhugi var meðal nemenda Mótunar á að fá nám sitt formlega metið inn í skólanum í Halle. Fundaði skólastjóri með deildarstjórum keramikhönnunar og keramikdeildar tengdri myndlist. Skólastjóri fundaðu einnig með deildarstjóra textíldeildar og skólastjóra. Áhuginn virtist mikill, einkum á fundi með deildarstjóra í textíldeild, Bettina Göttke-Krogmann og við deildarstjóra keramikdeildar með myndlistartengingu, Martin Neubert. Þrátt fyrir mikinn áhuga er ljóst að kerfi þjóðverja er mun stífara en t.d. í Bretlandi og á Norðurlöndum og því mun erfiðara og í raun



Gallerí Veggur; Ólöf Erla sýnir keramik, nýbrenndur leir í gasofni.



Sjónlist vor 2012

ómögulegt að meta á milli. Úr varð þó að tveir nemendur, sem höfðu lokið þremur önnum af fjórum í Mótunarnáminu, sóttu um nám á haustmisseri og komust þeir inn á fyrsta ár í BA námi í keramikhönnun. Ekkert var þó í hendi um hvernig fyrra nám þeirra yrði metið. Þessir nemendur voru ekki nógu ánægðir og ákváðu þeir að hverfa frá námi um áramótin 2012/2013.

- Í apríl heimsóttu 60 nemendur og kennarar frá Engelsholm Art School í Danmörku skólann en einn nemenda Mótunar hafði ádur verið í þessum skóla. Nemendur Engelshom skólans voru áhugasamir um nám í diplómadeildum skólans.
- Í mars tók skólastjóri á móti 25 erlendum námsráðgjöfum sem voru hér í skipulagðri ferð á vegum Leonardo – starfsmenntaáætlunar Evrópusambandsins. Var hópurinn sérlega áhugasamur um diplómanámið og fékk tækifæri til að skoða verkefni nemenda og ræða við þá.
- Áfram var fundað um hvernig ætti að þrepasetja listnámsfanga og fundaði skólastjóri í því skyni með fulltrúum Menntamálaráðuneytis og Kvennaskólangs og með Ara Halldórssyni í Borgarholtskóla og Ragnheiði Björk Þórssdóttur frá Verkmenntaskóla Akureyrar. Þessi vinna hefur gangast mikið við þrepasetningu áfanga í sjónlistadeild.
- Í framhaldi af aðalfundi, 4. júní 2012, hélt stjórn félagsins almennan félagsfund. Stjórnin hafði hengt upp myndir frá sögu skólans sem ádur voru sýndar í tengslum við 60 ára afmæli skólans í Grófarhúsinu. Á fundinn voru sérstaklega boðaðir félagsmennirnir Katrín Briem, Magnús Pálsson, Valgerður Bergsdóttir og Inga Sigríður Ragnarsdóttir (dóttir Ragnars Kjartanssonar eins af upphafsmönnum skólans) sem sögðu frá minningum úr skólastarfinu. Einnig mætti góður hópur eldri og yngri velunnarar skólans og má þar nefna Kristinn Helgason og Sigrúnu Guðmundsdóttir. Bókasafnið var þétt setið og skemmtilegar umræður sköpuðust. Fundurinn var tekinn upp og er varðveisitt í skjalasafni skólans á rafrænu formi.
- Í september hélt skólastjóri stutt erindi um Verklag2 verkefnið

á málþinginu New Skills Network sem er samstarfsverkefni 15 landa og er unnið með tilstyrk starfsmenntaáætlunar Evrópusambandsins.

- Í september sagði skólastjóri frá Myndlistaskólanum og nýjum námsleiðum hans, einkum sjónlistadeild, á námskeiði sem fjallaði um þróun listnáms og er hluti af nýju meistaránámi Listaháskólans í hönnun og myndlist.
- Í mars fundaði skólastjóri, námsráðgjafi og verkefnastjóri sjónlistadeildar með Elínu Vilhelmsdóttir, námsráðgjafa Fjölbautarskólangs í Ármúla varðandi ráðgjöf og leiðir fyrir lesbilinda nemendur. Fundurinn var mjög gagnlegur og mikilvægt að halda góður sambandi við Elínu og hennar fólk í Dyslexíustoðþjónustu Ármúlaskóla.
- Í lok ágúst stjórnæði skólastjóri málstofu um sköpun sem Menntamálaráðuneytið hélt til að kynna grunnstoðirnar í nýri aðalnámsskrá
- Í júní funduðu skólastjórnendur Myndlistaskólangs með stjórnendum Kvennaskólangs vegna nýrrar námsskrár sjónlistadeildar.
- Endurmenntunardagur Varðar tryggingarfyrirtækis var haldinn í Myndlistaskólanum og töku um 70 manns þátt. Dagurinn hófst með fundi Varðar í ReykjavíkurAkademíunni, Brynhildur Þorgeirsdóttir sá um mat fyrir hópinn og kennara skólans héldu námskeið í hreyfimyndagerð, leirrennslu, teikningu, litaskynjun og postulínshönnun í anda Droog design. Dagurinn þótti vel heppnaður.

#### STYRKUMSÓKNIR

Styrkur til að vinna að þróun námsbrautar fyrir **nemendur með þroskahömlun** fékkst frá ráðuneytinu að upphæð 1.750 þúsund. Sótt var um styrkinn í samstarfi við Mími símenntun og Fjölmennt, símenntunar og þekkingarmiðstöð. Kristinn G. Harðarson mun leiða starfið í samstarfi við Gerði Leifsdóttir og Diddu Leaman. Leitað var til skólans frá menningarmiðstöð í **Wrocław í Póllandi** um að skólinn kæmi að umsókn um styrk sem ætlað var að þróa

Frá aðalfundi félags Myndlistaskólangs í Reykjavík í júní 2012



áfram sjónlýsingar fyrir blinda og sjónskerta. Styrkur fékkst og mun verkefnið fara af stað árinu 2013. Aðrir tengiliðir á Íslandi eru Bíó Paradís og Hafnarfjarðarleikhúsið. Tengsli við skólann komust á í gegnum Diddu Leaman sem var í hópi þeirra fyrstu sem hafa sérstaklega menntað sig í sjónlýsingum. Þekking skólans og reynsla í kennslu blindra og sjónskertra barna varð til þess að skólinn ákvað að taka þátt í verkefninu.

Fjallað er um aðra styrki sem skólinn hlaut í umfjöllun um viðkomandi deildir.

#### ÖNNUR VERKEFNI

Töluverður tími skólastjóra fór í að semja **kver um sköpun** sem ætlað er að fylgja úr hlaði stefnu stjórnvalda um sex grunnstoðir menntakerfisins. Að mestu var það gert í sumarfríi skólastjóra og fyrir utan eiginlegan vinnutíma. Leitað var til nokkurra kennara og starfsmanna skólans um ráð, dæmi úr kennslu og yfirlestur. Í kjölfarið var skólastjóri beðin um að fjalla um hugtakið sköpun á ýmis konar endurmenntunarnámskeiðum sem haldin voru í tengslum við nýja námsskrá.

Settur var saman **hópur til að fara yfir tölvukost og forrit skólans**. Í honum sátu Anna Cynthia Leplar, Helga Óskarsdóttir, Sigurjón Gunnarsson og Vigfús Birgisson, ásamt Hafdísi Helgadóttir sem var formaður hópsins. Til ráðgjafar var kallaður Tómas Edwardsson. Hópurinn skilaði af sér ítarlegri skýrslu sem er aðgengileg á heimasiðu skólans. Farið var í öllu eftir ráðleggingum hópsins, keyptar nýjar Macintosh tölvar, nýr hugbúnaður, prentarar og fleira. Sigurlína Osuala hefur séð um mannaskiptaverkefni skólans og samskipti við Leonardo - starfsmenntaáætlun Evrópusambandsins. Í gengum þessi mannaskiptaverkefni fóru **allir nemendur diplómadeilda** í tveggja vikna **námsferð til Þýsklands**, **Frakklands, Bretlands eða Hollands**. Einnig hafa kennarar farið í námsferðir til Þýsklands og Bretlands í gegnum mannaskiptaverkefni sem ætluð eru til endurmenntunar.

#### ENDURBÆTUR Á HÚSNÆÐI

Á árinu var unnið í eftirfarandi atriðum í sameign: málun á framhlið var kláruð, lokið var við að útfæra rými skólans í takti við sameiginlega brunahönnun (öryggisgluggi í uppgangi, raflagnir), handrið bætt í tengslum við öryggiskröfur. Einnig var smíðaður nýr þakkantur og snyrtur inngangur beggja megin, málað var inn í porti og gert við múrskemmdir á turni og gert við glugga. Alls kostuðu þessar framkvæmdir kr. 5,2 milljónir. Ekki er lokið viðgerðum á húsi. Í séreign var hljóðvist bætt í sjónlistadeild. Loftræsting sett í töluvstofu og fyrirlestrasal og gengið frá brunakerfi og raflögnum. Alls kostuðu þessar breytingar kr. 5,8 milljónir.

#### SÝNINGAR

- Skólinn tók þátt í List án landamæra með tveimur sérstökum sýningum sem voru hluti af opnu húsi skólans. Hópur Margrétar H. Blöndal, **Tilraunastofa fyrir hreyfihamaða**, sýndi í anddyri skólans og **hópur á vegum Fjölmennrar / Mímis** sýndi í kaffistofu. Opið hús var haldið í Myndlistaskólanum sunnudaginn 22. apríl.
- Mótun og textíldeild héldu sameiginlega **sýningu á Hönnunarmars** í þjóðminjasafninu. Hildur Bjarnadóttir og Brynhildur Pálsdóttir sáu um uppsetningu sýningarinnar en útgangspunkturinn var á ríkulegar áferðir og margslungið yfirborð textíls og postulíns.
- Stór sameiginleg sýning allra nemenda í Textíl, Mótun, Teikningu og Myndlista- og hönnunarsviðs var haldin á tilvonandi lækningaminjasafni á Seltjarnarnesi. Alls sýndu barna um 65 nemendur. Það reyndist þungt í vöfum að finna góðan sýningarvettvang og var það að lokum deildarstjóri Sjónlistadeilda sem fann þennan fallega og hentuga vettvang. Gefnir voru út þrír litlitr bæklingar með verkefnum nemenda í diplómadeildum. Framleiðslustjóri Kahla heimsótti sýninguna og valdi í samvinnu við kennara skólans hvaða nemendum yrði boðið að vinna áfram í verksmiðjum Kahla í Þýsklandi. Einnig var sendiherra Þýskalands boðið á opnun sýningar ásamt menntamálaráðherra. Mikil fjöldi sótti sýninguna sem þótti takast afar vel. Allnokkur kostnaður fylgir því að setja upp svo stóra sýningu í grófu rými sem þessu.

Útskriftarsýning í tilvonandi Lækningasminjasafninu vor 2012. Nokkrir nemendur voru valdir til að vinna áfram á vinnustofu Kahla. Meðal gesta voru mennta- og menningarmálaráðherra Katrín Jakobsdóttir, sendiherra Þýskalands Hemann Sausen og fulltúi Kala, Barbara Schmith.




# HOFFMANNSGALLERÍ

Hoffmannsgallerí er samstarfsverkefni Myndlistaskólans og Reykjavíkurakademíunnar.

Guðbjörg Hjartardóttir Leaman (Didda) tók við umsjón Hoffmannsgallerís seitn í febrúar árið 2012 af Kristni G. Harðarsyni. Sýningastefna var mótuð. En með henni er leitast við að setja upp sýningar sem tengja myndlist og menntun við Akademíuna og aðrar greinar, með myndlistarverkefnum sem ná yfir ólík svíð. Skipti umsjónamanns olli því að uppsetning fyrstu sýningar dróst þar til í maí. Stofnuð var Facebooksíða Hoffmannsgallerís.

## SÝNINGAR



Verk af sýningunni Í Hljóði, Anna Líndal

Sjálfstætt starfandi orkurannsóknarstofan /The Autonomous Energy Research Lab, Jaimes Mayhew var fyrsta sýning nýs umsjónarmanns og var hún opnuð föstudaginn 11. maí 2012

Jaimes Mayhew er amerískur listamaður og myndlistarkennari. Hann útskrifaðist með MFA gráðu frá Háskólanum í Maryland, Baltimore County og BA gráðu (cum laude), frá Emerson College í Boston.

Sýning Jaimes samanstóð af rannsóknum hans á raforku og aðferðum við að virkja orku umhverfisins. Með ljósmyndamiðlinum, viðtölum, uppákomum og söfnun frásagna um raforku á Íslandi sem hann vann með farandransóknarstofu sinni, kannað Jaimes samband fólks, rafmagns og lands á Íslandi.

Í HLJÓÐI var önnur sýning ársins í Hoffmannsgallerí og var hún opnuð fimmtudaginn 14. nóv. 2012 og stóð fram í febrúarlok 2013. Sýningin var sjónlýsingarsýning á samtímalistaverkum, tveimur bókum, hljóðmynd og kvíkmynd. Sjónlýsing er aðferð við að lýsa sjónrænu efni í orðum. Þannig er hún nokkurnskonar þýðing sjónræns efnis, sem jafnframt má kalla þýðingu eins miðils í annan. Sjónlýsing er gerð til að veita blindum og sjónskertum betri aðgang að efni sem þeir eiga annars erfitt með að átta sig á.

Sýningastjóri fór á fyrsta námskeiðið sem haldið var í sjónlýsingum á vegum Blindrafélagsins í ársbyrjun 2012. Leiðbeinandi á námskeiðinu var Bandaríkjamaðurinn Joel Snyder. Sýningin hlaut styrk úr Nýsköpunarsjóði námsmanna sumarið 2012

Á sýningunni voru samtímalistaverk eftir listamennina Önnu

Líndal, Önnu Hallin, Eygló Harðardóttur, Olgu Bergmann, Kristinn G Harðarson, Sólveigu Aðalsteinsdóttur, Þórunni Björnsdóttur, Þórunni Hjartardóttur, Louise Harris og Hrafnkel Sigurðsson. Á sýningunni í Hljóði var gangur Hoffmannsgallerís og hluti fundarsalarins notaður. Samtímalistaverkin sem voru sýnd voru innsetningar, hljóðverk, skulptúrar, teikningar vatnslitamálverk og olíumálverk.

Sjónlýsing sýningaráinnar var tekin upp og hægt var að nálgast hana á heimasíðu Blindrabókasafnsins. Þar var hægt að hlaða henni inn á síma, Ipod eða MP3 spilara og taka með á sýninguna.

Við skipulagningu sýningaráinnar gáfu Gísli Helgason vinnu sína, við tíma og upptöku á sjónlýsingu í hljóðveri og Þórunn Hjartardóttir við lestur sinn á sjónlýsingu í hljóðveri.

Skýrsluhöfundur gerði vinnuskiptasamning við Höllu Siggu Margrétardóttur Haugen, með því að semja sjónlýsingu fyrir verk hennar á íslensku og ensku í skiptum fyrir hönnun sýningarskrár. Í tilefni sýningaráinnar tók Gísli Helgason langt viðtal við sýningastjóra Hoffmannsgallerís sem birt var í Hljóðímariti Blindrafélags

**KOSTIR OG GALLAR:** Við uppsetningu sýningaráinnar kom fram óánægja einhverra starfsmanna ReykjavíkurAkademíunnar varðandi nýtingu rýmisins. Jafnframt kom fram ánægja annarra þeirra með að hafa þar fjölbreytta og líflega sýningu. Þar sem sýningarrýmið er starfsumhverfi þarf að fara mjög varlega svo að samskipti milli Hoffmannsgallerís og starfsmanna í rýminu gangi vel fyrir sig. Skoða þarf því notkun stóra salarins í framtíðinni og æskilegast að halda sýningum innan ramma gangsins, sem er hefðbundið rými Hoffmannsgallerís.

**FREKARI KYNNING OG TENGÐ VERKEFNI:** Á meðan undirbúningur sýningaráinnar Í Hljóði stóð yfir hafði Ewa Marcinek samband við sýningastjóra Hoffmannsgallerís en hún starfar við menningarmiðstöðina Centrum Kultury Wrocław-Zachód í Wrocław á Póllandi. Ewa vildi finna samstarfsaðila til að sækja um EEA styrk milli Póllands og Íslands. Sótt var um styrkinn í samvinnu við Myndlistaskólann í Reykjavík, Bíó Paradís og Gaflaraleikhúsið í Hafnarfirði. Auk þess komst hún í samband við ReykjavíkurAkademíuna sem hefur gefið vilyrði fyrir að aðstoða við kynningu verkefnisins og hugsanlega að ljá verkefninu húsnaði fyrir kynningarundi eða annað slíkt.

Verkefnið ICELAND AND POLAND AGAINST EXCLUSION FROM CULTURE, hlaut styrk gegnum prógrámið "Promotion Of Diversity In Culture And Arts Within European Cultural Heritage" of EEA Financial Mechanism 2009-2014.

Ewa Marcinek sýndi sjónlýsingarsýningunni Í Hljóði mikinn áhuga og umsjónarmanni Hoffmannsgallerís var boðið til Wrocław í Póllandi 26. nóvember 2012 á ráðstefnuna Between theory and practice af Centrum Kultury Wrocław-Zachód í Wrocław, en þar fór ráðstefnan fram.

Á ráðstefnunni hélt umsjónarmaður fyrirlestur með myndum, þar sem fjallað var um sjónlýsingar á Íslandi og þá sérstaklega um sýninguna Í Hljóði. Auk þess skildi umsjónarmaður eftir nokkrar sýningarskrár fyrir áhugasama. Á ráðstefnunni kom margt fróðlegt fram varðandi stöðu sjónlýsinga í Póllandi, á Spáni og í öðrum löndum Evrópu.

# BÓKASAFN

Árið 2012 störfuðu tveir bókasafnsfræðingar við Bókasafn Myndlistaskólans í Reykjavík. Viðvera þeirra var fimm daga vikunnar, alla morgna, two daga til kl.13.00 og þrjá til 14.00. Safnið var opíð eftir það, án starfsmanns, þar til skólanum var lokað á kvöldin.

## Bókasafnsfræðingarnir

Guðrún Hannesdóttir og Herdís Tómasdóttir skiptu með sér störfum í safninu. Guðrún fékk leyfi frá störfum í 6 mánuði. Herdís fór í launalaust leyfi í 4 mánuði. Frá maí tók Sigga Björg Sigurðardóttir, myndlistarmaður við störfum á safninu og gengdi sama hlutfalli og Guðrún fram á haust og tók þá einnig við hlutfalli Herdísar til áramóta.

Haustið 2012 var tekið í notkun útlánakerfið í Gegni, Landskerfi bókasafna. Ekki er leyfilegt að hafa Gegni opinn, þegar starfsmaður er ekki á safninu. Því er enn í notkun eldri aðferð við útlán, þ.e. að fylla út þar til gerða útlánamiða. Verður að treysta á notendur að fylla út miðana þegar starfsmaður er ekki við.

Útlán voru rúmlega 1400 og hefur fjölgæð frá árinu áður, en þá voru þau 1300. Það eru bæði skráð útlán í Gegni og á miða. Það tekur tíma fyrir notendur að aðlagast nýju útlánakerfi, en útlán í Gegni voru hátt í 700. Vitað er að nokkuð er um að útlán eru ekki skráð á miða. 12 tímarit eru í áskrift og eru þau mikið skoðuð og notuð.

Notkun á bókasafminu hefur aukist, bæði útlán og not á staðnum. Veldur því bæði fjölgun nemenda í skólanum og að safnkosturinn er aðgengilegur í Gegni. Fólk utan skólans sækir einnig í safnið, kemur, skoðar og ljósritar. Það truflar ekki notkun á safninu, þar sem efnið er ekki lánað út fyrir stofnunina.

Safnkosturinn jókst um 150 rit, aðallega efni um myndlist, af því voru um 110 keypt, en einnig bárust gjafir frá velunnurum safnsins, kennurum og gömlum nemendum. Gerðir eru aðfangalistar yfir nýtt efni og þeir sendir til deildarstjóra í lok annar. Alls eru 5.404 rit í eigu safnsins skráð í Gegni.

Fjölskylda Elsu E. Guðjónssen, textílfræðings færði safninu höfðinglega gjöf á árinu 2012. Það er mikill fjöldi rita, að meginhluta um textíl, útsaum, vefnað, knipl og fleira. Mun allt þetta efni verða skráð og komið fyrir á sem bestan hátt á þriðju hæð skólans.

**Sýningarveggur bókasafnsins:** Gallerí veggur hefur blómstrað eins og fyrr undir stjórn ínu Salóme og þar sýndu á árinu 2012 Ólöf Erla Bjarnadóttir og Guðrún Vera Hjartardóttir.

## Hér á eftir fer heildaryfirlit yfir sýningar á Gallerí vegg frá upphafi.

Gallerí veggur var stofnað haustið 2004.

### Þeir sem sýnt hafa eru:

ÍNA SALÓME	HAUST 04	TEXTÍL VERK
GUÐJÓN KETILSSON	HAUST 04	BLÖNDUR TÆKNI HRÍSGRJÓNAMYND
HILDUR BJARNAD.	VOR 05	TEIKNINGAR
HAFDÍS HELGAD.	HAUST 05	BLÖNDUR TÆKNI SÓTTHREINSIGRÍMA
MAGRÉT FRÍÐBERGSD.	HAUST 05	MÁLVERK
SÓLVEIG ÁDALSTEINSD.	VOR 06	LJÓSMYND
ÞÓRA SIGURÐARD.	VOR 06	MÁLVERK
ÞORBJÖRG ÞORVALDSD.	HAUST 06	LJÓSMYND
GUÐRÚN HANNESDÓTTIR	VOR 07	BÓKASKREYTING VATNSLITUR.
HLÍF ÁSGRÍMSDÓTTIR	VOR 07	VATNSLITAMYND
ÞORRI HRINGSSON	HAUST 07	MÁLVERK
JBK RANSÚ	VOR 08	BÍLALAKK Á ÁL
GUÐNÝ MAGNÚSDÓTTIR	HAUST 08	LEIRVERK SKAFLAR
SIGTRYGGUR B. BALDVINSS.	VOR 09	MÁLVERK
INGÓLFUR ARNARSSON	HAUST 09	TEIKNING
INGIBJÖRG JÓHANNSD.	VOR 10	BLÖNDUR TÆKNI GRAFÍK
INGA ÞÓREY JÓHANNSD.	VOR 10	SNÆFOKSSTAÐIR STAÐASKÁLI
EYGLÓ HARÐARDÓTTIR	VOR 11	VATNSLITUR
HILDIGUNNUR BIRGISD.	VOR11	FLOKKUN PAPPÍR Á BANDI OG SÓLARPRENT
ÓLÖF ERLA BJARNADÓTTIR	VOR 12	KERAMIKBOLLAR
GUÐRÚN VERA HJARTARD.	HAUST12-13	LÍTIÐ RÝMI



# ALMENN NÁMSKEIÐ

## ALMENN NÁMSKEIÐ Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI



Teikning 2, haustönn 2012. Kennari: Sólveig Aðalsteinsdóttir



Póra Sigurðardóttir ræðir um sýninguna *Teikning – Þvert á tíma og tækni* við nemendur á almennum námskeiðum skólans í Þjóðminjasafnini.

### VORÖNN

Starfsemi var með hefðbundnum hætti á vorönn 2012 og sem fyrr boðið upp á grunn- og framhaldsnámskeið í teikningu, módelteikningu, málun og vatnslitun. Einnig var boðið upp á litaskynjun, leirkararennslu og leirmótun og rennslu, ljósmyndun svart/hvit, ljósmyndun stafræn, InDesign-Photoshop námskeið. Líkt og á haustönn 2011 var mikil skráning í módelteikningu og skráning á málunarnámskeið tók aftur aðeins við sér.

Til viðbótar almennum námskeiðum var áfram boðið upp á grundvallaratriði í keramiki í samstarfi við Tækkniskólan. Einnig var boðið upp á tilraunastofu í myndlist þriðja árið í röð. Boðið var upp á námskeið í samvinnu við Kvennaskólan þar sem nemendur í námsbrautinni Brautarbrú var boðið að taka áfanga í Myndlistaskólanum. Fyrir áramót höfðu nemendur verið heilan dag í Myndlistaskólanum og notið kennslu Margrétar H. Blöndal og Kolbeins Huga Höskuldssonar. Eftir áramót var ákveðið að minnka áfangann um helming og að nemendur yrðu einn morgun í viku í Myndlistaskólanum. Hér er um tilraun að ræða og í raun í fyrsta sinn sem í skólann kemur hópur sem ekki hefur valið sér gagngert að fara í listnám. Því fylgir önnur nálgun í kennslu sem huga þarf sérstaklega að.

Frá Fjölmennt voru heldur færri nemendur en síðstu ár og var vinnustofuhópur sameinaður nemendum sem voru að hefja nám og því kennt einu sinni í viku á vormisseri.

Boðið var upp á starfsmenntun fyrir leikskólakennara og tóku 50 kennrarar frá tveimur leikskólum þátt. Sjá nánar um tölur í yfirliti fremst í skýrslu.

### SUMARNÁMSKEIÐ

Dagana 9. - 15. júní var haldið námskeiðið Kafað í Kjarval sem Sigtryggur B. Baldvinsson hafði umsjón með. Útagnspunktur námskeiðsins voru verk Jóhannesar S. Kjarval, skoðuð var sýningin Lykilverk Kjarvals og farið í vettvangs- og vinnuferð á Þingvelli. Unnið var daglega sjö daga í röð og tóku 7 nemendur þátt í námskeiðinu.

### HAUSTÖNN

Kennsla á haustönn hófst 15. september. Boðið var upp á venjubundin námskeið í teikningu, módelteikningu, málun og vatnslitun. Ekki náðist nægileg skráning í leirmótun og rennslu en ásókn í leirkararennslu var svo mikil að bætt var við öðrum hópi þar. Einnig voru haldin námskeið í litaskynjun, svarthvítri ljósmyndun, InDesign-Photoshop og form, rými og hönnun.

Samstarf við Kvennaskólan vegna nemenda í Brautarbrú var eins að umfangi og á vormisseri en ákveðið var að breyta áherslum og að verkefni yrðu tæknilegri. Kennrarar voru Kolbeinn Hugi og Guðrún Vera. Á haustmisseri var farið í silkiþrykk, gerð hreyfimynda og teiknikennslu.

Tilraunastofa í myndlist fyrir hreyfihamlaða hélt áfram en nú tóku við kennslunni af Margréti H. Blöndal, Kristinn G. Harðarson og Sólveig Aðalsteinsdóttir. Fjölmenntahópar voru tveir á haustmisseri; vinnustofuhópur og hópur sem var tvísvar í viku í grunnatriðum sjónlista. Styrkur fékkst frá Mennta- og menningarmálaráðuneyti að upphæð 1,7 milljón krónur til að þróa áfram þessa námsleið. Didda Leaman kom að kennslu og þróun ásamt Kristni G. Harðarsyni og


Gerði Leifsdóttur. Í þróun verður aðallega horft til þess að auka kennslu í ýmsum aðferðum og leiðum, auka listasögu kennslu og færni nemenda til að tjá sig um eigin verk og annarra. Einnig verður horft til þess að tengja þessa námsleið við aðrar námsleiðir innan skólans.

Grundvallaratriði í keramik í samstarfi við Tækkniskólann bókaðist vel.

#### FYRIRLESTRAR OG HEIMSÓKNIR TIL LISTAMANNA

Ákveðið var að bjóða nemendum á almennum námskeiðum upp á þrjá fræðsluviðburði sem tengdir voru námi þeirra í vetrur. Laugardaginn 20. október heimsóttu nemendur sýninguna Teikning – Þvert á tíma og tækni í Bogasal Þjóðminjasafnsins. Sýningarástjóri var Þóra Sigurðardóttir, myndlistarmaður og kennari við Myndlistaskólann, og ræddi hún við nemendur um sýninguna, en á henni var að finna verk þriggja samtímalistamanna auk verka

sem var fyrir efnahagshrun. Líkleg skýring er að almenningur hefur nú minni ráðstöfunartekjur en strax eftir kreppu – þegar fólk virtist hafa meiri auraráð og sótt þá í námskeið sem þessi sér til næringar og uppbyggingar. Einnig hefur áhrif að á árabilinu 2007 -2011 gátu framhaldsskólanemendur sótt námskeið í Myndlistaskólum með stuðningi síns heimaskóla. Önnur skýring er einnig að uppbygging í diplómadeildum og sjónlistadeild hafi tekið ákveðinn toll hvað varðar athygli og natni við uppbyggingu og endurnýjun námskeiða hluta skólans. Á næstu misserum mun deildarstjóri námskeiða og skólastjóri leita leiða til endurnýja og byggja upp þennan hluta skólans. Til dæmis má skoða hvort kynna þurfi betur niðurgreiðslu stéttarfélaga á náminu, hvort hægt er að bjóða upp á einhver styrttri námskeið og svo framvegis. Einnig mætti kanna hvort betur mætti kynna námskeið á heimasíðu og með öðrum leiðum.



\* Inni í þessum tölum eru ekki nemendur á námskeiðum sem hafa verið haldin einu sinni eða tvívar sinnum heldur aðeins nemendur á námskeiðum sem haldin eru á hverju ári. Tölurnar sýna þar af leiðandi ekki rétta mynd af heildarskráningarfjölda á ári, sem var t.d. mun hærri á vorönn 2010 þegar fjölmennir hópar voru á sérstökum námskeiðum ætluð atvinnulausum.

John Baine sem unnin voru á 18. öld. Þann 17. nóvember heimsóttu nemendur síðan leirlistamanninn Koggu á vinnustofu hennar á Laugarnestanga. Kogga ræddi þar um ýmsar þær aðferðir sem hún hefur þráð í leirvinnu og spjallaði við áhugasama nemendur. Síðasta heimsóknin var farin 12. janúar á Listasafn Íslands þar sem forvörðurinn Ólafur Ingi Jónsson tók á móti nemendum og sagði þeim frá sýningunni Vetrarbúningi út frá sjónarhorni forvörlunnar. Fjölmargir nemendur skólans nýttu sér tækifærið og töku þátt í heimsóknunum en þátttaka var þeim að kostnaðarlaus.

**ÞRÓUN SKRÁNINGA Á HEFÐBUNDIN NÁMSKEIÐ Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI**  
Eftir efnahagshrunið haustið 2008 tók skráning á almenn námskeið á framhaldsskólastigi kipp, ólíkt því sem gerðist á námskeiðum í barna- og unglingsadeild, þar sem skráningin dróst saman. Frá hausti 2011 hefur skráning á almenn námskeið hins vegar færst nær því

#### KENNARAR VIÐ DEILDINA 2012

**Vorönn:** Eygló Harðardóttir, Þóra Sigurðardóttir, Sólveig Aðalsteinsdóttir, Margrét H. Blöndal, Katrín Briem, Birgir Snæbjörn Birgisson, Sigurður Árni, Sigtryggur B. Baldvinsson, Einar Garibaldi Eiríksson, Karl Jóhann Jónsson, Hlíf Ásgrímsson, Guðbjörg Káradóttir, Guðný Magnúsdóttir, Erla Stefánsdóttir, Vigfús Birgisson, Magnús Valur Pálsson, Kristinn G. Harðarson, Gerður Leifsdóttir.

**Sumarnámskeið:** Sigtryggur B. Baldvinsson

**Haustönn:** Sólveig Aðalsteinsdóttir, Þóra Sigurðardóttir, Katrín Briem, Þorbjörg Þorvaldsdóttir, Sigtryggur B. Baldvinsson, Didda Leaman, Jón Henrysson, Jón B.K. Ransú, Louise Harris, Stephen Lárus Stephen, Halldór Baldursson, Hlíf Ásgrímsdóttir, Guja Dögg Hauksdóttir, Guðný M. Magnúsdóttir, Guðbjörg Káradóttir, Erla Stefánsdóttir, Vigfús Birgisson, Kristinn G. Harðarson, Magnús Valur Pálsson, Gerður Leifsdóttir.

# BARNA- OG UGLINGADEILD

## NÁMSKEIÐ VIÐ BARNA- OG UGLINGADEILD



Elsa Dórðóttir blandar gífs með nemendum á sumarnámskeiðinu Smáheimur fjrúnna í ágúst.

### VORÖNN

Starfsemi námskeiðahluta barna- og unglingsadeilda var með hefðbundnu sniði á árinu 2012 og aðsókn mjög góð. Bætt var við fjórum námskeiðum í deildinni á vorönn 2012 til viðbótar við þau sem héldu áfram frá haustönn 2011, vegna mikillar aðsóknar. Þar á meðal var námskeiðið Tölvuleikir og Videólist sem halddi var fyrir nemendur á aldrinum 13-16 ára í samstarfi við Skema. Á námskeiðinu helltu nemendur sér út í skapandi möguleika margmiðlunar og unnu með leikjaforritun og vídeólist. Kennrar voru Kolbeinn Hugi Höskuldsson myndlistarmaður og forritararnir Rakel Sölvdóttir og Hannes Högni Vilhjálmsson. 11 nemendur sóttu námskeiðið. Þótt áfanginn gengi á heildina litið vel kom í ljós að bæta þyrfti tölvukost skólans til að halda svo tæknileg námskeið. Töluver skólans var tekið í gegn sumarið 2012 og býður því nú upp á spennandi möguleika í námskeiðahaldi í barna- og unglingsadeild, sem og öðrum deildum. Samtals voru 224 nemendur skráðir á námskeið í barna- og unglingsadeild á vorönn 2012 sem er mesti nemendafjöldi við deildina á einni önn frá því á vorönn 2008.

### DYMBILVIKUNÁMSKEIÐ

Í Dymbilvikunni var haldið námskeiðið *Leikur með ljós og skugga* fyrir börn á aldrinum 6-9 ára. Guðrún Vera Hjartardóttir hafði umsjón með námskeiðinu sem var haldið dagana 2.-4. apríl. Þátttakendur voru 10 talsins.

### SUMARNÁMSKEIÐ


Líkt og undanfarin sumur var boðið upp á vikulöng námskeið fyrir börn á aldrinum 6-16 ára fyrir eða eftir hádegi í júní og ágúst. Að þessu sinni voru í boði námskeiðin *Smáheimur fjrúnna* (6-9 og 10-12 ára), *Hreyfimyndagerð* (6-9 og 10-12 ára), *Pinhole ljósmyndun* (10-12 og 13-16 ára) og *Teikning* (13-16 ára). 134 nemandi tók þátt í sumarnámskeiðum skólans að þessu sinni sem er heldur minni fjöldi en fyrri sumur.

### HAUSTÖNN

Sumarið 2012 tók til starfa nýr deildarstjóri við barna- og unglingsadeild, Halldóra Ingimarsdóttir. Þorbjörg Þorvaldsdóttir sem hefur sinn starfinu undanfarin fimm ár mun áfram sinna kennslu við deildina og í öðrum deildum skólans. Í lok skólaársins 2011-12 var haldinn fundur með kennurum til að fara yfir veturinn. Þar var m.a. rætt um reynsluna af því að fjlóga í nemendahópum í barna- og unglingsadeild um einn, en það var gert í sparnaðarskyni. Kennrar voru sammála um að það munaði miklu um þennan eina nemanda og að aukningin bitnaði á gæðum kennslunnar svo ákveðið var að hverfa frá þessari breytingu um leið og framlög fengust hækkuð aftur og svolítið svigrúm myndaðist. Frá haustönn 2012 varð hámarksfjöldi nemenda í hópum því aftur: 6 nemendur í 4-5 ára hópum, 8 nemendur í 6-9 ára hópum, 10 nemendur í 10-12 ára hópum og 12 nemendur í 13-16 ára hópum. Að öðru leyti voru námskeið á haustönn með svipuðu sniði og undanfarna vetur og skráningin góð.

### Námskeiðin sem í boði voru:

4-5 ára Myndlist (4 hópar), 6-9 ára Myndlist (11 hópar), 6-9 ára Myndlist Bakkastöðum, 8-11 ára Leirrennsla og mótn, 8-12 ára Leirrennsla og skúlp túr, 10-12 ára Myndlist, 10-12 ára Myndlist Bakkastöðum, 10-12 ára Teikning – Málun – Grafík, 10-12 ára Myndasögur, 10-12 ára Hreyfimyndagerð, 13-16 ára Teiknun – Málun – Grafík, 13-16 ára Myndasögur, 13-16 ára Hreyfimyndagerð, 13-16 ára Leirmótun og rennsla, 13-16 ára Ljósmyndun – Sígildar aðferðir því miður náðist ekki að fylla báða hópana í útibúi skólans á vinnustofu Brynhildar Þorgeirs dóttur Á Bakkastöðum svo settur var saman einn hópur af 8-11 ára gömlum nemendum. Þá náðist ekki næg skráning í *Myndasögur og Ljósmyndun – sígildar aðferðir* á ungingastigi. Aðrir hópar voru langflestir fullbókaðir og biðlistar fljótari að myndast, sérstaklega í tveimur yngstu aldurshópunum og



Þróun skráninga í barnadeild á hausti og vori frá 2008 -2012

Í *Teiknun- Málun – Grafík* í tveimur eldri aldurshópunum. Samtals voru 191 nemandi skráður á námskeið í barna- og ungingadeild á haustönn 2012, sem er mesti nemendafjöldi frá hausti 2008 þegar nokkur samdráttur varð sem starfsfólk skólans tengdi afleiðingum kreppu.

Nemendafjöldi í barna- og ungingadeild á haust- og vorönum 2008-2012:

### STUÐNINGUR VIÐ BÖRN MEÐ SÉRPARFIR

Í byrjun haustannar varð fljótegla ljóst að styðja þyrfti við nemendur í nokkrum hópum sem væru með þroskafrávik eða raskanir.

Ráðinn var stuðningskennari sem aðstoðaði við kennslu á þremur námskeiðum. Sótt var um styrk til velferðarsviðs Reykjavíkurborgar

til að standa straum af auknum launakostnaði vegna þessa og fyrir því að halda sérstök námskeið fyrir þau börn með þroskafrávik sem ekki hentar að vera á hefðbundnum námskeiðum í barna- og ungingadeild en hvorugur styrkurinn fékkst. Styrkur sem fékkst úr hverfasjóði var nýttur til verkefnisins. Haldinn var fundur með kennurum í barna- og ungingadeild þar sem tveir kennrar og verkefnastjórar úr Vesturbæjarskóla, Sigríður Nanna Heimisdóttir og Hera Sigurðardóttir fóru yfir hvaða aðferðir gætu gagnast í vinnu með börnum með þroskafrávik, en þær þekkja vel til á þessu sviði. Samantekt ráðlegginga þeirra var síðan send öllum kennurum í barna- og ungingadeild. Mikil ánægja var með fundinn og gögnumust ráð Sigríðar Nönnu og Heru mörgum kennurum í vetur. Þó er ljóst að í einhverjum tilvikum mun þurfa sérstakan stuðning og því verður haldið áfram að leita leiða til að styrkja þennan þátt starfsins.

### LEIKSKÓLASAMSTARF

Eftir mikinn samdrátt og niðurskurð í framlögum Reykjavíkurborgar til deildarinnar rofaði aðeins til. Framlag borgarinnar samkvæmt samningi við skólann var aukið og var aukning sérstaklega eyrumerkt almennum námskeiðum og samstarfinu við grunnskóla (Listbúðum) en framlag hafði ekki fengist til árin 2010 og 2011. Framlag til leikskólasamstarfsins hélt hins vegar óbreytt, 2 milljónir, fjórða árið í röð en hafði verið 3,5 milljónir 2008. Um vorið 2012 var auglýst eftir umsækjendum um þátttöku í leikskólasamstarfinu og skiliðu 7 leikskólar fullnægjandi umsókn. Tveir leikskólar voru valdir til þátttöku af fulltrúum samstarfsaðila, leikskólnir Miðborg og Bakkaberg. Frá hausti 2012 sóttu barnahópar frá hvorum leikskóla kennslu í Myndlistaskólanum ásamt leikskólkennurum einu sinni í viku. 7 börn voru í hverjum hópi og kom hver hópur samtals sex sinnum. Samtals tóku því 56 börn þátt í verkefninu skólaárið 2012-2013 Börnin komu með strætó og sum þeirra jafnvel alla leiðina frá Kjalarnesi.

Starfsfólk beggja leikskóla tók síðan þátt í endurmenntunardegi í Myndlistaskólanum í Reykjavík í upphafi árs 2013, 3. og 4. janúar, um 60 leikskólastarfsmenn samtals. Þær Guðrún Vera Hjartardóttir og Elsa Dóróthea Gísladóttir höfðu umsjón með kennslu í leikskólasamstarfinu og á endurmenntunardeginum. Hróður þessarar kennslu hefur borist viða og barst t.d. ósk frá leikskólkennurum á Höfn í Hornafirði um endurmenntunarnámskeið á vegum skólans á starfsdegi þeirra. Þær Elsa Dóróthea og Guðrún Vera höfðu tekið



Fuglar eftir 4-5 ára nemendur Sigríðar Helgu Hauksdóttur. Sá sem er lengst til vinstra er vel búinn, með trefil á vængjum og gogg, svo honum verið ekki kalt.



Ína Salóme Hallgrímsdóttir og Brynhildur Þorgeirs dóttir settu upp grafíkverkstaði fyrir 6-11 ára nemendur sína á haustönn.

að sér verkefnið en því miður var ekki flogið daginn sem halda átti námskeiðið vegna óveðurs. Einnig hefur verið leitað til annarra kennara um að koma með fræðslu á starfsdögum.

## LISTBÚÐIR Í FELLASKÓLA

Sem fyrr segir var ákveðinn hluti þess fjármagns sem fékkst frá Reykjavíkurborg árið 2012 eyrnamerkur listbúðum í grunnskóla. Það er sérstaklega ánægjulegt að hægt hafi verið að endurvekja listbúðirnar þar sem verkefnið hafði legið niðri frá efnahagshruninu. Í samvinnu við skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar var ákveðið að setja listbúðirnar upp í Fellaskóla í Breiðholtsdal að þessu sinni en áður hafa búðirnar verið haldnar í húsnæði Myndlistaskólans að Hringbraut.

Þær Elsa Dóróthea Gísladóttir, Ragnheiður Gestsdóttir og Þorbjörg Þorvaldsdóttir tóku að sér kennslu í verkefnið og mótuðu saman listbúðirnar *Töfralampann*. Þriðja bekk í Hólabrekku-, Breiðholts- og Fellaskólaboðin var boðin þátttaka og fóru búðirnar fram 9.-12. október, 15.-18. október og 30. október -2. nóvember, en hver skóli tók þátt í fjóra daga fram að hádegishléi. Víku fyrir fyrstu listbúðirnar var einnig haldið stutt námskeið fyrir kennara og stuðningsfulltrúa þar sem unnin voru verkefni í anda þeirra sem börnin áttu síðar eftir að vinna að.

Útgangspunktur *Töfralampans* var vinna með ljós og skugga og voru hreyfimyndir gerðar til að festa á filmu töfrana sem urðu til við

starfsfólksins í Fellaskóla. Stuttu síðar voru haldnir Breiðholtsdagar og sýndu allir skólnir hreyfimyndir sinna barna á þeirri hátið. Eins og svo oft áður komust sum barnanna á algert flug í listbúðunum. Móðir eins þátttakanda, sem greindur hefur verið með ADHD og einhverfu, lýsti upplifun sinni af verkefninu svo:

„Fyrir okkur foreldrana var þetta þannig að hann kom heim alsæll og gat ekki beðið eftir næsta degi. „Helga“ fannst þetta vera allt of stutt. Það sem okkur fannst „Helgi“ upplifa líka er tilfinningin að geta gert hlutinn. Hann er mjög slakur námslega og langt á eftir sínum jafnöldrum. Hann er hinsvegar með góða rýmisgreind og finnst ofboðslega gaman að vinna í höndunum eins og þetta var. Honum fannst allt sem var gert rosalega skemmtilegt og áhugavert en sérstaklega skuggamyndirnar og myndbandið.“

Margir foreldrar sýndu þar af leiðandi mikinn áhuga að senda börn sín á námskeið við Myndlistaskólann en vegalengdin á Hringbrautina óx þeim skiljanlega í augum. Því verður hugmyndin um sérstakt útibú skólans í Breiðholtsdal vonandi sem fyrst að veruleika. Hægt er að nálgast skýrslu sem unnin var um listbúðirnar 2012 á slóðinni [http://myndlistaskolinn.is/efni/listbudir\\_grunnskolabarna](http://myndlistaskolinn.is/efni/listbudir_grunnskolabarna).



Sýning nemenda á sumarnámskeiðinu Smáheimur fjörunar sem Guðrún Vera Hjartardóttir og Elsa Dóróthea Gísladóttir kenndu í ágúst.



Nemendur á sumarnámskeiði í hreyfimydagerð gerðu meðal annars hreyfimyndir í fjörunni með kennara sínum Þóreyju Mjallhvítu H. Ómarsdóttur.

þann leik. Nemendur bjuggu til skuggaborgir sem varpað var á stórt hvít tjöld í listasmiðjunni í Fellaskóla og gerðu hreyfimyndir sem sýndu borgirnar byggja upp og breytast í mikilli lita- og ljósadýr. Öllum listbúðunum lauk svo með sýningu fyrir fjölskyldur barnanna þar sem skuggaborgirnar og hreyfimyndirnar voru sýndar ásamt dagbókum sem börnin héldu á meðan á búðunum stóð. Alls tóku 115 börn þátt í *Töfralampanum* og 10 kennarar og stuðningsfulltrúar. Mikil ánægja var með listbúðirnar bæði meðal stjórnenda, kennara og stuðningsfulltrúa skólanna og foreldra. Verkefnið var öllu flóknara í framkvæmd á nýjum stað þar sem talsvert meiri tími fór í skipulagningu, efniskaup og flutninga en allt gekk þetta vel og mætti starfsfólk skólans einstaklega góðu viðmóti

## SÝNINGAR OG VERKEFNI

### NIPI & QAAMQSOQ / MIN SAGA

Á Safnanótt, 10. febrúar, tóku nemendur tveggja 10-12 ára hópa þátt í verki danskrar listakonu, Karen Thastum, sem sýnt var í Þjóðminjasafninu. Verkið, NIPI & QAAMQSOQ / MIN SAGA, vann listakonan með börnum og ungmennum á Grænlandi auk nemenda Myndlistaskólans. Verkið var mikil ljósa- og tónlistarinnsetning, þar sem teikningum barnanna af rótum og sýningarmunum á Þjóðminjasöfnum landanna var varpað á veggi safnsins.

## ÞINGVALLAMYND ÞÓRARINS B ÞORLÁKSSONAR

### HUNDRAÐFALDAST

17. mars – 22. apríl var haldin sýning í Þjóðmenningarhúsinu á verkum 148 nemenda barna- og unglingsadeilda Myndlistaskólans. Á sýningunni voru verk sem börnin höfðu unnið út frá málverki Þórarins B. Þorlákssonar *þingvelli*. Þessi sýning var hluti nýs verkefnis sem skólinn stofnaði til í samvinnu við Þjóðmenningarhúsið og Listasafn Íslands í tilefni sýningarárinnar *þúsund ár*, sem er varanleg sýning á úrvali úr safnaeign Listasafns Íslands. Verkefnið fólst í því að valið var eitt verkanna á *þúsund ár* til að vinna með, og að þessu sinni var það mynd Þórarins B. *þingvelli* frá árinu 1900 sem varð fyrir valinu. Nemendur barna- og unglingsadeilda heimsóttu safnið, skoðuðu verkið og fengu leiðsögn um sýninguna. Í framhaldinu veltu þeir verkinu fyrir sér með kennara sínum í Myndlistaskólánnum og unnu nýtt verk út frá málverki Þórarins. Útkoman var yfir hundrað verk af ólíkum toga; teikningar, málverk, myndasögur, leirskálar, lágmyndir, hreyfimyndir og tréskúlpúrar. Hugmyndin er að þessi sýning sé aðeins byrjunin á samstarfsverkefni þessara þriggja stofnana og að verkefnið muni halda áfram þannig að árlega verði valið nýtt verk á sýningunni til að vinna með og að kennurum grunnskólanna verði boðið að taka þátt með nemendum sínum.

### Í TEIKNINGUNNI ER HUGSUNIN UM TEIKNINGUNA

19. apríl – 26. maí stóð yfir sýning í Gerðarsafni á teikningum eftir íslenska listamenn frá 20. og 21. öld. Samhliða henni var sett upp

brennskonar smiðjur; hreyfimyndagerð, grafík og ljósmyndun.

Smiðjurnar voru ætlaðar fjölskyldum og komu börnin því í fylgd fullorðinna fjölskyldumeðlima, foreldra eða ömmu og afa. Þátttaka var ókeypis en fjöldi þátttakenda var takmarkaður og þurfti að skrá sig fyrirfram. Listasmiðjurnar voru mjög vinsælar og var fullbókað í þær allar. **Kennarar í smiðjunum voru:** Elsa Dóróthea Gísladóttir, Þórey Mjallhvít Heiðar- og Ómarsdóttir, Guðrún Vera Hjartardóttir, Helga Óskarsdóttir, Erla Stefánsdóttir og Kristín Hauksdóttir. Verkefnið var hluti af dagskrá Barnamenningarhátiðar 2012 og styrkt af henni.

### NORDEN RUNDT

Myndlistaskólánnum var boðið að taka þátt í norrænu samstarfsverkefni; **NORDEN RUNDT**. Verkefnið var samstarfsverkefni norrænu hússanna í þáttökulöndunum fimm; Grænlandi, Færejum, Álandseyjum, Finnlandi og Íslandi, og fólst í því að ungmenni frá öllum löndunum unnu verk í flutningsgáum sem merktur var með þjóðfána þeirra. Gálmarnir voru síðan allir fluttir til Nuuk þar sem sýningin var opnuð og vinnubúðir haldnar fyrir nemendur. Sýningin ferðaðist síðan um Grænland og fara þaðan til Helsinki, Kaupmannahafnar, Maríuhafnar og Þórshafnar. Hún var loks sett upp við Norræna húsið í Reykjavík á Barnamenningarhátið í apríl 2013.

Þeir sem tóku þátt í verkefninu fyrir hönd Myndlistaskólans í Reykjavík voru 13-16 ára nemendur á námskeiðinu *Teikning – málun*



Nemendur prófuðu sig áfram við gerð skuggamynda í listbúðunum Töfra-lampanum sem settar voru upp í Fellaskóla. Umsjónarmenn listbúðanna voru Elsa Dóróthea Gísladóttir, Ragnheiður Gestsdóttir og Þorbjörg Þorvaldsdóttir.

sýning á úrvali barnateikninga frá Myndlistaskólánnum í Reykjavík, Myndlistaskóla Kópavogs og Waldorfskólánum í Lækjarbotnum, í sýningarstjórn Guðrúnar Veru Hjartardóttur. Þeir nemendur frá Myndlistaskólánnum í Reykjavík sem tóku þátt í sýningunni voru á aldrinum 6-12 ára úr hópum Guðrúnar Veru, Brynhildar Þorgeirsdóttur, Ínu Salóme Hallgrímsdóttur, Kristínar Reynisdóttur og Þorbjargar Þorvaldsdóttur.

### LISTASMIÐJUR FYRIR FJÖLSKYLDUR Á OPNU HÚSI

Á opnu húsi Myndlistaskólans, 22. apríl, voru sem fyrir sýnd verk eftir alla nemendur barna- og unglingsadeilda. Einnig var boðið var upp á opnar listasmiðjur fyrir fjölskyldur. Hægt var að velja um



Það mátti m.a. sjá lítríkar skuggaborgir í listasmiðju Fellaskóla á lokasýningu sem nemendur Töfralampans héldu fyrir foreldra sína.

– grafík. **Kennari á námskeiðinu var:** Þorbjörg Þorvaldsdóttir en nemendurnir heita Kristján Helgi Gíslason, Bjarndís Ólöf Gísladóttir, Kristín Marks dóttir, Júlia Oksana Helgadóttir, Kristín Viktoría Magnúsdóttir, Hilda Björk Friðriksdóttir, Þórdís Helgadóttir, Árþíð Auður Helgudóttir, Harpa Hjartardóttir, Rosemaie Huld Tómasdóttir og Vaka Björt Sóleyjardóttir. Íslensku nemendurnir ákváðu að gera innsetningu í góminn sinn, skuggateikningu af lítilli veröld eða borg þar sem ákveðnar byggingar og fyrirbrigði minntu á Ísland.

### FUGLAR Á HVERFAHÁTIÐ

Myndlistaskólinn var beðinn um að sýna verk úr barnadeild á Hverfahátið Miðborgar og Hlíða sem haldin var 1. september á

Hlíðarenda. Sett voru upp teikningar og málverk eftir nemendur ínu Salóme Hallgrímsdóttur og Brynhildar Þorgeirs dóttur af fuglum sem vöktu mikla lukku.

#### MYNDLISTARVERK MARGFALDAST KYNNT

#### GRUNNSKÓLAKENNURUM

3. október var haldinn kynningarfundur á verkefninu Myndlistarverk margfaldast sem hófst sem fyrr segir með margföldun á verki Þórarin B. Þorlákssonar. Fulltrúar Þjóðmenningarhússins, Listasafns Íslands og Myndlistaskólans í Reykjavík, sem standa að verkefninu, kynntu það fyrir áhugasönum myndlistarkennurum grunnskólanna sem var öllum boðin þátttaka í verkefninu. Þar var ljóstrað upp að verk Olgu Bergmann, Safn (2003), yrði að þessu sinni fyrir valinu og sagið Olga kennurunum einnig frá verkinu og hugmyndunum að baki því. Mælt var með því að þeir sem gætu hefðu verkefnavinnuna með börnunum á því að heimsækja sýninguna Þúsund ár í fylgd leiðsögumanns Þjóðmenningarhússins. Upplýsingar um verkið og myndir voru einnig sendar á alla í félagi myndlistarkennara. Útkoma verkefnisins skyldi svo sýnd á Barnamenningarhátið 2013.

#### STYRKIR OG VERÐLAUN

Myndlistaskólinn var tilnefndur til Menningarverðlauna DV í flokki byggingarlistaverðlauna. Tilnefninguna hlaut skólinn fyrir margs konar fræðslustarf á sviði byggingalista. Sérstaklega voru tiltekin verkefnin Víðáttu og rjóður og Dyndilyndi.

Myndlistaskólinn tók sem fyrr segir þátt í Barnamenningarhátið með opnum listasmiðjum fyrir fjölskyldur á opnu húsi skólans 22. apríl og fékk styrk frá hátiðinni til þess. Skólinn lagði fram hugmynd að öðru verkefni á Barnamenningarhátið, teiknisamkeppni fyrir börn og unglings, en ekki fékkst fjármagn til þess verkefnis. Það var að stórum hluta vegna þess hve seint var vitað fyrir vissu hvort hátiðinni yrði haldin og ekki síður hvað drögust á langinn allar ákvarðanir með styrki. En hugmyndin lifir áfram og verður vonandi að veruleika á Barnamenningarhátið síðar.

Myndlistaskólinn fékk styrk úr Próunarsjóði námsgagna til að

13-16 ára nemendur af námskeiðinu Teikning – málun – grafík bjuggu til skuggaborg sem minnti á heimaland þeirra fyrir sýninguna Norden Rundt sem ferðaðist um Norðurlöndin í flutningagánum.

þróa áfram vefinn Kveikjan.is, sem er rafrænt verkefnasafn í sjónlistum. Frumgerð vefsins hafði verið þróuð m.a. fyrir tilstilli styrks úr sama sjóði sem fékkst árið 2010 og var þá áhersla lögð á verkefni í byggingarlist. Sótt var um styrk á ný til að vinna nánar að tæknilegum lausnum og útvíkka vefinn svo hann gæti orðið almennt verkefnasafn í sjónlistum, enda hefur mikið verið rætt um vontun á námsefni fyrir list- og verkgreinar á meðal list- og verkgreinakennara hér á landi. Styrkurinn sem fékkst til verksins var 1 milljón kr. Þorbjörg Þorvaldsdóttir hélt utan um vinnuna og fékk til liðs við sig hönnuð sem hefur unnið að því að bæta viðmót vefsins í samræmi við athugasemdir sem fengust frá kennaranemum við LHÍ og HÍ sem voru beðnir um að rýna í vefinn árið 2011. Skólatefurinn vinnur að uppsetningu vefsins sem verður tilbúinn sumarið 2013.

#### KENNARAR VIÐ DEILDINA 2012

**Vorönn:** Guðrún Vera Hjartardóttir, Sigríður Helga Hauksdóttir, Hildigunnur Birgisdóttir, Helga Óskarsdóttir, Brynhildur Þorgeirs dóttir, Ína Salóme Hallgrímsdóttir, Karlotta Blöndal, Ragnheiður Gestsdóttir, Guðbjörg Káradóttir, Þorbjörg Þorvaldsdóttir, Kristín Reynisdóttir, Jean Posocco, Anna Hallin, Rakel Sölvadóttir, Kolbeinn Hugi Höskuldsson, Hannes Högni Vilhjálmsson, Jón B.K. Ransú, Guðný Magnúsdóttir, Inga María Brynjarsdóttir,

**Dymbilvika:** Guðrún Vera Hjartardóttir

**Listasmiðjur á Opnu húsi:** Guðrún Vera Hjartardóttir, Helga Óskarsdóttir, Erla Stefánsdóttir, Kristín Reynisdóttir, Elsa Dóróthea Gísladóttir, Þórey Mjallhvít Heiðar- og Ómarsdóttir.

**Sumarnámskeið:** Karlotta Blöndal, Helga Óskarsdóttir, Brynhildur Þorgeirs dóttir, Þórey Mjallhvít, Inga María, Guðbjörg Káradóttir, Guðrún Hrönn Ragnarsdóttir, Elsa Dóróthea, Guðrún Vera, Sigurður Gunnarsson

**Haustönn:** Ína Salóme Hallgrímsdóttir, Brynhildur Þorgeirs dóttir, Ragnheiður Gestsdóttir, Karlotta Blöndal, Inga María Brynjarsdóttir, Þorbjörg Þorvaldsdóttir, JBK Ransú, Guðbjörg Káradóttir, Guðný M. Magnúsdóttir, Anna Hallin, Guðrún Vera Hjartardóttir, Elsa Dóróthea Gísladóttir, Baldur Björnsson, Hildigunnur Birgisdóttir, Margrét H. Blöndal, Sigríður Helga Hauksdóttir.



# MYNDLISTA- OG HÖNNUNARSVIÐ VORÖNN 2012

Umsjón með myndlista- og hönnunarsviði var í höndum **Ingu Þóreyjar Jóhannsdóttur** deildarstjóra. 34 nemendur hófu nám við myndlista- og hönnunarsvið skólaárið 2011-12. 5 nemendur skráðu sig úr skólanum á haustönn en 29 luku námi á vorönn 2012. Var þetta jafnframt síðasti hópurinn sem útskrifaðist úr deildinni í þeirri mynd sem hún hafði verið frá upphafi, en frá og með haustinu 2012 gátu umsækjendur sótt um eins árs undirbúningsnám við sjónlistadeild.

Af þeim 29 sem útskrifuðust sóttu 17 um framhaldsnám við Listaháskóla Íslands, 15 fengu boð um skólavist, 3 afþökkuðu plássin og 2ur var hafnað. Af þeim 12 nemendum sem skráðir eru í LHÍ, fóru 8 í myndlistadeild, 2 í fræði og framkvæmd, 1 í vöruhönnun og 1 í grafíks hönnun.

5 nemendur fóru í framhaldsnám til útlanda, 1 í teiknideild MiR, 1 í textíldeild og 1 á síðara ár í sjónlistadeild til að ljúka stúdentsprófi frá MiR.

1 fór í HÍ, 5 sóttu hvergi um og ekki er vitað hvert 3 nemendur fóru.

## JANÚAR

Vorönn hófst með viku lotu í **Ljósmyndun og tölvuáfanga 2**. Ljósmyndakennsla var í höndum **Erlu Stefánsdóttur** og **Vigfúsar Birgissonar** en **Helga Óskarsdóttir** sá um tölvuáfangann. Nemendur lærdu að ljósmynda eigin verk, bæði tvívíð og þrívíð með stafrænum myndavélum. Einnig lærdu þeir á filmuvélar og að framkalla og stækka myndir. Í tölvuáfanga 2 var megin áhersla lögð á frjáls forrit af internetinu (open source). Nemendum var bent á leiðir til að vinna með ýmis konar myndvinnslu og hönnunar forrit með það að leiðarljósi að þeir gætu búið til möppur/portfolio. Í þriðju lotu gátu nemendur valið á milli greina eftir áhugasviði sínu. **Ljósmyndun 3** skiptist niður í sv/hv.ljósmyndun, stafræna ljósmyndun og stuttmyndagerð. Í **tölvuáfanga 3** unnu nemendur áfram með frjálsu forritin og gerðu m.a. vefsíður, þrívíddar teikningar og tilraunir með hreyfimyndarforrit. Á tímabilinu komu tveir fyrirlesarar, þeir **Einar Falur Ingólfsson** ljósmyndari og **Ármann Agnarsson** grafískur hönnuður. Að þessu sinni var ekki haldin sýning í Gallerí Tukt á ljósmyndaverkefnum nemenda myndlista- og hönnunarsviðs, eins og áður, en þess í stað var ákveðið að sýna verkefni nemenda úr hinni nýju sjónlistadeild skólans. Í kjölfar ljósmynda og tölvulotu hófst áfanginn **Teikning 2 – myndgreining – myndbygging** sem **Elsa D. Gísladóttir** og **Ingólfur Arnarsson** kenndu. Í áfanganum var fyrirbærið „teikning“ skoðað og unnið á mjög tilraunakenndan hátt og teikningin tekn langt útfyrir pappírinn. Fegin var leiðsögn um sýninguna **NO Global Tour** eftir spænska listamannin **Santiago Sierra** í Hafnarhúsinu. **Margrét Bjarnadóttir**, dánshöfundur hélt fyrirlestur um teikningu, rými og hreyfingu. **Ragnar Kjartansson** tók á móti nemendum í Gallerí i8 og talaði um eigin verk. **Ingólfur Arnarsson** hélt fyrirlestur um teikningu í víðum skilningi og tengdi m.a. teikningu við hljóð og tónlist.

**Eygló Harðardóttir** og **Sólveig Aðalsteinsdóttir** kenndu **Þrívíða formfræði**. Nemendur gerðu margvíslegar rannsóknir á þrívíðum formum, rými og áferð. Hlutu áfangans tengdist samstarfi við

Lyngás (dagvistun fyrir fatlaða). Nemendum var boðin leiðsögn um Lyngás auk þess sem þeir fengu fræðslu um þarfir fatlaðra einstaklinga. Með í för var arkitektinn **Hildur Steinþórsdóttir** sem seinaði ónninni kennið hluta hópsins hönnunarmiðaðan kúrs. Í kjölfar heimsóknanna var **Margrét H. Blöndal** fengin til að ræða um nálgun sína og reynslu við að kenna blindum og sjónskertum börnum. Nemendur unnu skissur/hugmyndir útfrá Lyngásheimsókninni. Farið var í heimsókn á sýningu norsku arkitektastofunnar **Snöhetta** á Kjarvalsstöðum. **Gunnar Ottósson** arkitekt hitti hópinn og ræddi um valin verk **Snöhetta** út frá formfræði, þrívíð og rými. Seinna í áfanganum kom Gunnar aftur til að halda fyrirlestur um form, rými, efni og áferð. **Úlfhildur Dagsdóttir** tók á móti nemendum í Gerðarsafni og fræddi þá um sýninguna **Sæborgin: Kynjaverur og ókindur**.

10. febrúar 2012 opnaði sýning á teikningum nemenda í **Húsdýragarðinum** og tengdist sýningin **Vetrarhátið í Reykjavík**. Teikningarnar voru unnar á köldum vetrardegi í desember 2011 í **Módeláfanga 2** en þá fengu nemendur tækifæri til að teikna dýr í stað lifandi módeli undir leiðsögn **Sólveigar Aðalsteinsdóttur**. Teikningunum var komið fyrir í flestum húsum garðsins en sumar fengu að hanga utandyra.

Í **Verkstæðisáfanga 1** var ákveðið að bjóða nemendum að velja á milli áfangans **Hljóð og mynd** eða **Hönnunaráfanga**. Hópurinn skiptist nokkuð jafnt á milli verkstæða.

**Dodda Maggý** og **Kolbeinn Hugi** sáu um **Hljóð og mynd**. Markmiðið var að gefa nemendum færni að að vinna vídeóverk og sjálfstætt hljóðverk. Kennt var á ýmis klippiforrit og luku nemendur við stutt myndskeið þar sem hljóð og mynd spiliðu saman. Nemendum var einnig kennt að taka upp hljóð og vinna það áfram í mismunandi forritum þannig að hljóðið gat staðið eitt og sér eða orðið hluti af myndbandsverki.

**Hildur Steinþórsdóttir** kenndi hönnunarkúrsinn sem fékk heitið **Að elta það sem heillar**. Nemendur sem völdu þennan hluta verkstæðisáfanga gátu unnið áfram hugmyndir sem kvíknuðu í þrívíðri formfræði og tengdust heimsókn í Lyngás. Voru nemendur hvattir til að vinna útfrá áhugasviði sínu þ.e. arkitektúr, grafískri hönnun, vöruhönnun eða öðru. Lögð var áhersla á vinnuferli hönnuða og rannsóknarvinnu. Farið var í heimsókn í stoðtækjafyrirtækið **Össur**.

## MARS

**Ásmundur Ásmundsson** og **Kolbeinn Hugi Höskuldsson** kenndu **Hugmyndavinnu 2**

Unnin voru stutt verkefni dag hvern og var sérstök áhersla lögð á að fá nemendur til að stíga út úr þægindaramma sínum m.a. með því að fremja gjörninga. Verkefni vetrarins voru skoðuð með kennurum og reynt var að finna þræði til að spinna áfram. Vikunni lauk með sameiginlegri yfirferð þar sem nemendur sögðu frá hugmyndum sem þeir ætluðu að útfæra í verkstæðisáfanga 2.

## MARS-APRÍL

**Verkstæðisáfangi 2 – Lokaúrvinnsla**; kennarar áfangans voru **Olga Bergmann**, **Finnur Arnar Arnarsson** og **Ingólfur Arnarsson**.

Nemendur fengu tækifæri til að útfæra þær hugmyndir sem kviknað höfðu í hugmyndakúrsinum. Þeir gátu valið að vinna með efni að eigin vali á þremur mismunandi verkstæðum þ.e. tvívítt, þrívít eða í tímategda miðla. Lokaverk nemenda voru sett upp í húsnæði tilvonandi **Lækningaminjasafns á Seltjarnarnesi**. Tveimur utanaðkomandi gestum var boðið að vera viðstaddir tveggja daga yfirferð, þeim; **Ólöfu Nordal** myndlistarmanni og **Halldóri Baldurssyni** teiknari. Formleg útskrift fór fram um leið og sýningin opnaði þann 7. maí.

**Shauna Laurel Jones** kenndi **listasögu** á vorönn. Snemma á önnini báru nemendur upp hugmynd um að fá að fara ásamt listasögukennara í námsferð vestur á Snæfellsnes. Hugmyndinni var vel tekið af kennara og deildarstjóra. Nemendur sáu alfarið um að skipuleggja ferðina sjálfir og hrintu af stað átaki til að safna upp í kostnað en fengu jafnframt styrk frá MiR sem gekk upp í leigu á rútu. Þann 29.mars var síðan lagt uppí tveggja daga ferð vestur á Snæfellsnes, sight var með Baldri úti Flatey og stoppað þar í 3 tíma. Farið var í Flateyjarkirkju til að skoða veggmálverk Baltasar og gengið um eyjuna þar til ferjan sótti hópinn aftur. Um nóttina var gist í Stykkishólmi. Seinni daginn var komið við í **Vatnasafni Roni Horn** og fengin leiðsögn um eldfjallasafnið. Á heimleið var stoppað í Bjarnarhöfn þar sem bóneddinn á bænum sagði frá altaristöflunni í Bjarnarfarkirkju. **Óttar Guðmundsson**, geðlæknir var leiðsögumaður í seinni hluta ferðarinnar.

**Ósk Vilhjálmsdóttir** kenndi **skapandi starfsumhverfi** og hvatti hún nemendum til að skoða umsóknarferli í ólíkum listaháskólum sem og leiðbeindi þeim við gerð greinargerðar/texta.

**Eygló Harðardóttir** og **Hildur Steinþórssdóttir** voru fengnar til að ráðleggja nemendum varðandi möppugerð.

**Annað:** **Anna Sigurðardóttir** námsráðgjafi skólans sá um að skipuleggja starfskynningar og fékk eftirfarandi gesti til að segja frá námi sínu og starfi tengdu sjónlistum:

**Ilmur Stefánsdóttir** myndlistakona ræddi um eigin náms og starfsferil.

**Unnur Óttarsdóttir** fjallaði um nám og starf listmeðferðarfræðinga **Jeanette Castioni** fjallaði um nám og starf forvarða Farið var í heimsókn í Listaháskóla Íslands

## VORÖNN

# SJÓNLISTADEILD

Dagleg umsjón með sjónlistadeild var í höndum Bjarka Bragasonar verkefnisstjóra en deildarstjóri var Inga Þórey Jóhannsdóttir. Þegar ljóst var að Bjarki færi á listamannalaun um mitt ár var Áslaug Thorlacius ráðin til afleysinga. Hún hóf störf í mars og einbeitti sér fyrist og fremst að undirbúningi fyrir útskrift stúdenta ári síðar.

## JANÚAR

Kennsla við Sjónlistadeild hófst 9. janúar með **módelteikningu 2**, þriggja víkna áfanga í umsjón **Margrétar H. Blöndal, Ragnhildar Stefánsdóttur, Þorra Hringssonar** og **Önnu Cynthiu Leplar**. Áfanganum var skipt í þrjár víkulotur þar sem hver hópur nálgæðist viðfangsefnið út frá ólíkum forsendum. Þorri og Anna leiddi (Anna sá um eina lotu en Þorri um tvær ásamt því að **Þorbjörg Þorvaldsdóttir** kom inn í afleysingar) vinnu í anatómískri teikningu á módeli, þar sem þekking og skilningur nemenda á beina- og vöðvabyggingu mannlíkamans var aukinn, Ragnhildur leiddi nemendum í vinnu við leirmótun, þar sem nemendur skoðuðu heild og hluta af líkamanum og mótuðu nákvæmar eftirmyn dir af fæti í jarðleir. Nemendur Margrétar unnu á tilraunakenndan máta með módelið, t.d. var unnið með tengingu teiknarans við viðfangsefnið út frá teikniáhaldinu sjálfu, m.a. voru löng penslasköft notuð til þess að búa til bil á milli handar og pappírs. Einnig var unnið með hreyfingu og dans í rými og setti módelið sig í stellingar sem ögruðu skilningi nemenda á formi líkamans m.a. með því að stækka og minnka svið líkamans, beygja hann og benda, standa á hvolfi eða ögra samhengi við rými herbergisins. **Erna Ómarsdóttir** danshöfundur heimsótti nemendum og gerði með þeim æfingar og fjallaði um ólíkar aðferðir í rýmisnálgun. Nemendum voru ánægðir með aukna þjálfun í módelteikningu, en fyrir fyrsta áfangann á haustönn 2011 höfðu fæstir þeirra teiknað nakið módel. Sérstök viðbrögð vakti tilraunakennda vinnan sem nemendum þótti opin og frjáls. Í janúar hófst einnig kennsla í **listasögu, ensku, íslensku, stærðfræði** og **listheimspeki-menningarlæsi** og spönnuðu þeir áfangar alla vorönnina. Áfangarnir voru ýmist kenndir einu sinni eða tvívar í viku en einnig var ein vika tileinkuð stærðfræðikenndlu

Verkstæði 2, vorönn 2012, kennarar: Anna Hallin, Kolbeinn Hugi Höskuldsson, Sigtryggur Bjarni Baldvinsson. Nemandaverk eftir Unu Kristínu Jónsdóttur



innan þrívíðrar formfræði. Snert verður á punktum úr þessum áföngum inn á milli annarra.

Í janúar og febrúar voru haldnar þrjár málstofur sem hluti af skoðun skólans á grunnþáttum nýrrar aðalnámskrár en Bjarki Bragason hélt utan um þær í samstarfi við deildarstjóra allra deilda. Allir nemendur dagskóla sóttu eina málstofu. **Málstofurnar** gegndu því hlutverki að beina athygli nemenda og starfsfólks á þau viðfangsefni sem grunnþættirnir eiga við og snertifleti þeirra við starf Myndlistaskólans með það að leiðarljósi að innleiða breytingar og bæta skólastarfíð. Grunnþættir námskráinnar eru læsi, sjálfbærni, lýðræði, jafnrétti, heilbrigði og velferð og sköpun. Í **málstofu um lýðræði** fluttu erindi myndlistarmaðurinn **Ásmundur Ásmundsson** og heimspekingurinn **Björn Þorsteinsson** sem meðal annarra stendur fyrir lýðræðisfélaginu Öldu. Um **málstofu um sjálfbærni** sá **Kristín Vala Ragnarsdóttir**, doktor í jarðefnafræði og forseti verkfræði- og náttúruvísindasviðs Háskóla Íslands. Kristín hélt fyrirlestur um loftslagsbreytingar og málefni er snúa að sjálfbærni; um nýtingu náttúrugæða og fjölbreytt umhverfisvandamál. Kristín leiddi vinnustofu og í framhaldi hennar óskuðu nemendur eftir því að Myndlistaskólinn myndaði sér upp flokkunarkerfi í öllum deildum skólans þar sem rusl er aðgreint í fimm flokka. **Málstofa um jafnrétti** var haldin í febrúar og héldu þar **Anna Líndal**, myndlistarmaður, **Þórður Kristinsson** og **Hanna Björg Sigurjónsdóttir** erindi. Anna fjallaði um eigin verk og birtingarmyndir og ímyndir kynja, en Hanna Björg sem geginn stöðu lektors í fötlunarfræðum við HÍ fjallaði um fötlun og ímyndir. Þórður, mannfræðingur og kennari við Kvennaskólann í Reykjavík ræddi hugtakið jafnrétti og skilgreindi.

## FEBRÚAR

2. febrúar hófst **teikning 2**, þriggja vikna áfangi í umsjón myndlistarmannanna **Guðjóns Ketilssonar** og **Þóru**

**Sigurðardóttir**. Áherslan var á myndgreiningu og myndbyggingu og teikningin könnuð sem miðill í viðu samhengi með það markmið að auka færni nemandans í sjálfstæðum vinnubrögðum. Verkefnin fólust í skissuvinnu, teikningu á uppstillingu þar sem heild og brot uppstillingarinnar var teiknað og lauk áfanganum með sjálfstæðu verkefni þar sem nemendur fengust við bræðing lífrænna og géometrískra forma innan rýmis teikningaráinnar. Kennarar kynntu nemendur fyrir verkum ólíkra listamanna, sem og eigin verkum auk þess að **Snorri Freyr Hilmarsson** leikmyndahönnuður kom í heimsókn og ræddi verk sín og sýndi skissubækur sínar og ræddi um skissu- og hugmyndaferli. Nemendur sóttu fyrirlestra **Margrétar Bjarnadóttur** og **Ingólfss Arnarsonar** með myndlista- og hönnunarsviði. Einnig sýningu **Ragnars Kjartanssonar** í Gallerí ið. 20. febrúar hófst fyrri hluti **ljósmyndunar og tölvu 2**, en seinni hluta þess áfanga lauk með yfirferð 24. apríl. Kennt var í tvær vikur. Ljósmyndunarhlutinn var í höndum ljósmyndaranna **Erlu Stefánsdóttur** og **Vigfúsar Birgissonar** var bæði unnið með filmu og stafraena myndavél. Nemendur lærðu á ósjálfvirkar filmuvélar, framkólluðu filmur í myrkraherbergi, prentuðu kontakta og notuðu stækkara. Í stafraena hlutanum tóku nemendur myndir af eigin verkum til nota í portfolíó og umsóknir sínar og kynntust undirstöðuatriðum portrettmyndatöku og mismunandi

ljósmyndum og stílþrógðum þeirra. Nemendur skiliðu ritgerð um ljósmyndara að eigin vali. Tölvuhluti áfangans var kenndur af **Helgu Óskarsdóttur** myndlistarmanni. Þar lærðu nemendur á ýmis opin forrit, bæði við myndvinnslu og aðra grafíkska vinnu og gerðu m.a. bækling og breyttu ljósmyndum. Verkefni voru sett á bloggsíðu hópsins. Þrengsli og tækjaskortur í töluveri komu alloft til tals.

27. febrúar hófst áfanginn þrívíð formfræði undir leiðsögn myndlistarmannanna **Hildigunnar Birgisdóttur** og **Sólveigar Áðalsteinsdóttur**. Nemendur gerðu margvíslegar rannsóknir á þrívíðum formum, rými og áferð, m.a. með því að þráð teikningu yfir í þrívít form sem endurspeglar bæði óreiðu og reglu. Auk þess var sýning norsku arkitektastofunnar **Snohetta** á Kjarvalsstöðum skoðuð og rædd undir leiðsögn **Gunnars K. Ottóssonar** arkitekts. Um kennslu síðustu viku áfangans sá arkitektinn **Einar Þorsteinn Ásgeirsson** sem starfað hefur fyrir og með Ólafi Elíassyni, m.a. við hönnun ytra byrðis tónleikahússins **Hörpu**. Vikan var hluti af samþættingu kennslu í verk- og bóklegum áföngum. Unnu nemendur með **Önnu Hrund Másdóttur**, myndlistarmanni, sem séð hefur um stærðfræðikennslu við deildina við útreikninga á viðfangsefnum tengdum innleggji Einars Þorsteins. Einar hélt fyrirlestur um eigin verk og setti þau í samhengi við hugmyndasögu vísinda og arkitektúrs og ræddi staðbundinn arkitektúr og samband þrívíðar formfræði við stærðfræði, m.a. fimmfalda symmetríu. Harpa var skoðuð af því tilefni og spreyttu nemendur sig á æfingum að fyrimyd Einars.

## MARS

**Dodda Maggý og Kolbeinn Hugi** sáu um áfangann **Verkstæði 1**

**Hljóð og mynd**. Markmiðið var að gefa nemendum færni á að vinna vídeóverk og sjálfstætt hljóðverk. Kennt var á ýmis klippiforrit og luku nemendur við stutt myndskeið þar sem hljóð og mynd spilaðu saman. Nemendum var einnig kennt að taka upp hljóð og vinna það áfram í mismunandi forritum þannig að hljóðið gat staðið eitt og sér eða orðið hluti af myndbandsverki. Nemendur unnu 7 stutt vídeóverk og unnu sem einn hópur að gerð stuttmyndar í „splatter“-stíl hryllingsmynda. Einnig var endurnýting á gömlu efni kynnt sem viðfangsefni innan listarinnar, og þá sérstaklega efni sem dottið er úr höfundarrétti, og „youtube“-menning samtímans og togstreitan um uppruna og frumleika könnuð.

## APRÍL - MAÍ

Að loknu páskafrii, 11. apríl hófst seinni lota áfangans ljósmyndun og tölva 2 (sjá nánar í kaflanum um starf deildarinnar í febrúar). Verk nemenda úr áföngum annarinnar voru til sýnis í rými deildarinnar á **opnu húsi** skólans á sumardaginn fyrsta þann 19. apríl, m.a. samstarfsverkefni þeirra úr verkstæði 1.

Myndlistarmennirnir **Þorvaldur Þorsteinsson** og **Ingirafn Steinarsson** sáu um kennslu í **hugmyndavinnu 2**, einnar viku

áfanga sem hófst 23.apríl. Nemendur unnu með sín persónulegu áhugasvið en verkefni voru lögð fyrir þá til þess að koma vinnu af stað. Nemendur íhuguðu styrkleika sína og skoðuðu eigin verk frá liðnu ári sem hugmyndabrunn og völdu hugmyndir til þess að útfæra betur. Þau fóru í vettvangsferðir og skiliðu niðurstöðum úr þeim, unnu með skissubók og þróuðu sjálfstæðar hugmyndir. Verkefni áfangans voru hugsuð sem kveikjur fyrir sjálfstæða vinnu í lokaðfanga annarinnar, **verkstæði 2** áfanga sem skiptist í þrjá einnar


viku hluta og lauk með sameiginlegri yfirferð.

Í verkstæði 2 kusu sumir nemendur að sameina þá ólíku efnispætti sem unnið var með á námskeiðinu í heildar innsetningu á við og dreif um skólann. Undir handleiðslu myndlistarmannsins **Önnu Hallin** unnu nemendur að mótnun og kynntust vinnu með leirmót, steypu í gips og steinsteypu og notkun á dermagel afsteypuefninu sem gerir hárnákvæmar afsteypur mögulegar. Nemendur heimsóttu Önnu í vinnustofu hennar og voru almennt mjög áhugasamir.

Myndlistarmennirnir **Sigtryggur Bjarni Baldvinsson** og **Kolbeinn Hugi Höskuldsson** leiddu hinum vikurnar, en hjá Sigtryggi unnu nemendur með málverkið sem viðfangsefni, og kynnti Sigtryggur ýmsa samtíma málara fyrir þeim á meðan tímum stóð. Kolbeinn Hugi sá um kennslu í tímategdum miðlum á verkstæðinu og unnu nemendur að sjálfstæðum verkefnum þar sem samsplil hljóðs og myndar var markmið.

Að loknu verkstæði 2 settu nemendur upp **sýningu** á verkum sínum í **Gallerí Tukt í Hinu Húsínu**, og samanstóð hún af verkum úr verkstæðinu, bæði þrívíðum, tvívíðum og vídeoþerkum.

Verkstæði 2, vorönn 2012, kennarar: Anna Hallin, Kolbeinn Hugi Höskulds-son, Sigtryggur Bjarni Baldvinsson. Namandaverk eftir Ými Grönvold



## ÍSLENSKA

**Íslensku áfangi** vorannar tók nýja stefnu í kjölfar haustannar, þar sem lögð var áhersla á opna og frjálsa vinnu með íslenskuna sem listrænan miðil. Undir handleiðslu **Elínborgar Ragnarsdóttur**, kennara við Kvennaskólan í Reykjavík, unnu nemendur með bókmenntir í viðum skilning. Fjallað var um samhengi bókmennta og rík áhersla var lögð á að auka lestrargetu og yndislestur nemenda. Í áfanganum var unnið með samtímaglæpasögur, þjóðsögur, ljóð, leikrit, barnabækur, smásögur, goðakvæði- og sögur. Sagan um **Galdra Loft** var lesin og borin saman við sjónvarpsþættina **Tími Nornarinnar**. Nemendur unnu að margvíslegum verkefnum þar sem þeir bjálfuðust í að nota tungumálið með fjölbreyttum hætti, m.a. voru tengsl myndar og texta í barnabókmenntum skoðuðu. Nemendur unni myndskreytingu á texta úr barnabók. Elínborg, sem hefur langa reynslu af íslenskukennslu, skipti áfanganum upp í 6 lotur þar sem verkefnum var skilað í lok hvernarr lotu, en mat á áfanganum var byggt á símati.

## ENSKA

Myndlistarmaðurinn **Louise Harris** hóf störf við skólann á vorönn 2012 og kenndi **ensku 2**. Í áfanganum var líkt og í íslenskunni lögð áhersla á að auka lestrargetu nemenda og að þróa hæfni þeirra í ritun, hlustun og munlegri frásögn. Viðfangsefni verklegra áfanga voru nýtt sem drifkraftur á áfanganum en ritgerðir og framsögur nemenda tengdust verkum þeirra. Lögð var áhersla á að auðgaorðaforða nemenda um listræn viðfangsefni. Nemendur héldu dag/skissu bækur sem giltu 15% af lokaeinkunn og var það vel heppnuð tilraun til þess að þróa samband nemenda við skissubókina. Louise fór með nemendum á **opinn dag LHÍ** og m.a. á sýningar **Siggu Bjargar Sigurðardóttur** og **Magnúsar Pálssonar** í Gallerí Kling og Bang þar sem **Erling T.V. Klingenberg** og **Sirra Sigurðardóttir** tóku á móti þeim og fjölluðu um verk Magnúsar.

## LISTASAGA

**Shauna Laurel Jones**, listfræðingur, sá um kennslu **listasögu** við deildina á vorönn líkt og á haustönn árið áður. Tímarnir fóru

Verkstæði 2, vorönn 2012, kennarar: Anna Hallin, Kolbeinn Hugi Höskulds-son, Sigtryggur Bjarni Baldvinsson. Lísbet Þórarinsdóttir vinnur að leirmótum.

eftir sem áður fram á ensku, en nemendur áttu kost á því að skila verkefnum og taka próf sín á íslensku óskuðu þeir þess, en almenn ánægja ríkir um þá viðbót sem enskukennslan í þessum áfanga er. Í listasögu 2 var fjallað um mannerisma og upphaf barrokkítímans um 1600. Aukin áhersla var lögð á myndlýsingu og nákvæma skoðun og greiningu einstakra verka. Nemendur skiliðu smærri verkefnum ásamt ritgerðum, tóku miðannar- og lokapróf auk þess sem kennari beitti símati. Frá barrokk var halddi í gegnum síðbarrokk og rokkókó til nýklassískrar og rómantískrar listar 18. og 19. aldar. Einnig var fjallað um liststefnur á öndverðri 20. öld.

## LISTHEIMSPEKI-MENNINGARLÆSI

**Bjarki Bragason** verkefnistjóri við Sjónlistadeild sá um kennslu á **listheimspeki-menningarlæsi 2** á vorönn 2012 líkt og á haustönn 2011. Í áfanganum var lögð áhersla á að skoða hugtök, hugmyndir og fyrirbæri sem hafa áhrif á og móta menningarlegt umhverfi samtímans, og unnu nemendur að margvíslegum verkefnum á borð við kynningar, ritgerðir og myndasöfnun. Hluti áfangans var

í fyrirlestraformi þar sem Bjarki fjallaði um stefnur og áhrifavalda í listum, og tók meðal annars fyrir hugtök á borð við módernismi, póst-módernismi, líkamann í listum, almenningsrými og togstreituna á milli einka rýmis og almenningsrýmis, „ready-made”, og fleira. Áfanginn var áframhald af fyrri áfanga en leitast var við að auka þáttöku nemenda í umræðum sem skipuðu mjög stóran þátt í tímunum auk fyrirlestra og heimsókna á söfn og aðra sýningarárði. Á sýningum útbjó Bjarki ramma utan um hópumræður sem gengu út á það að virkja alla einstaklinga bekkjarins í að orða sjónræna upplifun sína og geta farið með upplifun og greiningu á henni samhlíða. Meðal sýninga sem voru heimsóttar voru í *Afbryggingu*, sýning **Ólafs Ólafssonar og Libiu Castro** í Listasafni Íslands, **Hættumörk**, yfirlitssýning **Rúríar** í sama safni, **Fjölskylduskeimmtun Curvers** í Nýlistasafninu, sýning tvíeykisins **Dubbin and Davidson** í sama safni á Listahátið í Reykjavík, sýning **Óskar Vilhjálmsdóttur**, Tígrisdýramjólk, í Listasafni Reykjavíkur og *Mynd, Líkami, Tregi*, yfirlitssýning á verkum **Antonio Taipies** á Kjarvalsstöðum. Nemendur horfðu á fjölbreytt vídeóverk í tímum og skiluðu stóru verkefni um sýningu **Santiago Sierra**, *NO global tour* sem endurspeglar markmið áfangans, að fanga og frjóvga umræðuna um samband innihalds og útlits listaverks.

## SJÓNLISTADEILD Á HAUSTÖNN

Um mitt ár 2012 urðu þær breytingar að myndlista- og hönnunarsvið var lagt niður. Fyrstu áætlanir höfðu gengið út á að reynslukenna hina nýju tveggja ára námsbraut, sjónlistadeild, frá A til Ö áður en nýir nemendur yrðu teknir inn. Fljótegla varð hinsvegar ljóst að hægt yrði að hagræða í rekstri deildarinnar með því að kenna nemendum sjónlistadeilda og myndlista- og hönnunarsviðsaman. Því var sótt um leyfi til menntamálaráðuneytisins til að taka nýjan hóp nemenda inn á fyrra ár sjónlistadeilda strax eftir eitt ár. Þegar leyfið var komið var myndlista- og hönnunarsvið lagt niður en námið skilgreint sem tvær brautir innan sjónlistadeilda, annars vegar tveggja ára braut til stúdentsprófs og hinsvegar árs undirbúningsnám í grunngreinum sjónlista fyrir þá sem þegar höfðu lokið stúdentsprófi.

Eftir breytinguna unnu deildarstjóri og verkefnistjóri saman við umsjón allra þriggja hópa. Bjarki Bragason þaði starfslaun síðari

*Verkstæði 2, vorönn 2012, kennrar: Anna Hallín, Kolbeinn Hugi Höskuldsson, Sigtryggur Bjarni Baldvinsson. Nemandaverk eftir Margréti Helgu Weisshepel.*



helming ársins. Til að leysa hann af var Áslaug Thorlacius ráðin. Anna Sigurðardóttir námsráðgjafi sinnti nemendum sjónlistadeilda eftir þörfum, sem og nemendum í öðrum deildum skólans.

74 þreyttu inntökupróf í júní. Flestir sóttust eftir að komast inn á árs námsbrautina. Tveimur úr þeim hópi var beint inn á síðara árið á braut til stúdentsprófs en þessir einstaklingar höfðu góðan grunn í myndlist jafnframt því að hafa þegar lokið stúdentsprófi annarsstaðar frá. Í október bættist einn nemandi við á sömu forsendum. Nokkrir nemendur skiluðu sér ekki frá fyrra ári yfir á það síðara en hópurinn sem hóf nám á 2. ári (sjónlist 2) taldi 25 nemendur. 17 nemendur hófu nám á fyrra ári (sjónlist 1) og 23 á eins árs námsbraut (sjónlist 3). 4 nemendur hættu námi í sjónlist 3 áður en haustönn lauk og 3 í sjónlist 1. Þegar önninni lauk hafði nemendum því fækkað úr 65 í 58. Þetta er nokkrum meiri fækjun en áður. Skipulagið var í grófum dráttum þannig að á haustönn fylgdust nemendur í sjónlist 1 og sjónlist 3 að í verklegum áföngum eða helstu grunnarföngum. Á haustönn fylgdust sjónlist 2 og sjónlist 3 eingöngu að í **litafræði** 2 en su samsetning átti eftir að verða ríkjandi á vorönn. Í **margmiðlun** og námskeiðum sem falla undir **skapandi starfsumhverfi** var þó ekki um samkennslu hópa að ræða, bæði vegna þess að kennslan þarf að fara fram í smærri hópum og svo þarf sjónlist 3 að taka verklegu áfangana þéttar en hinir hóparnar sem eru í fleiri bóklegum greinum. Nemendur í sjónlist 3 tóku **listheimspeki og menningarlæsi** 1 ásamt sjónlist 1 á haustönn en sátu allan veturnar í **listasögu** með sjónlist 2. Að öðru leyti tóku nemendur á eins árs braut ekki bóklega áfanga.

## ÁGÚST

Haustönnin hófst manudaginn 20. ágúst með skólastetningu í **Listasafni Reykjavíkur** þar sem **Ingibjörg Jóhannsdóttir** skólastjóri ávarpaði nemendur. **Ingibjörg Sigurjónsdóttir** stjórnarformaður í Kling og Bang og **Póroddur Bjarnason** stjórnarformaður Kynningararmiðstöðvar íslenskrar myndlistar héldu erindi og nemendum bauðst að skoða sýningu í safninu en á þeim tíma stóð enn yfir sýning Listahátiðar **[I]Independent People**. Að loknu hádegishléi komu nemendur í skólann og þar tók á móti þeim **Katrin Sigurðardóttir** fulltrúi Íslands á **Feneyjatvíæringnum 2013** og sagði nemendum almennt frá verkum sínum.

Kennsla hófst samkvæmt stundaskrá daginn eftir. Sjónlist 1 var fyrstu vikuna í lotu í **íslensku 1 hjá Þorvaldi Þorsteinssyni**. Þorvaldur lagði fyrst og fremst áherslu á að leysa sköpunarkraft nemenda á svíði málnotkunar úr læðingi, bæði í töluðu mál og rituðu. Hann kom síðan aftur í eina viku í nóvember og lauk áfanganum á sömu nóturnum. Í millitíðinni skipulögðu **Inga Þórey Jóhannsdóttir** og **Áslaug Thorlacius** í samráði við Þorvald fyrirlestraröð þar sem markmiðið var að kynna fyrir nemendum ýmsa ólíka lista- og fræðimenn á svíði hins talaða orðs. Alls urðu fyrirlestrarnir 8 en nemendur skiluðu Þorvaldi skriflegri greinargerð að loknum hverjum og einum þar sem þeir sögðu m.a. frá því hvað þeim hafði þótt á hugaverðast. **Andri Snær Magnason** kom fyrstur en síðan komu **Ragna Sigurðardóttir**, **Davíð Stefánsson**, **Eiríkur Örn Norðahl**, **Kristín Eiríksdóttir**, **Megas**, **Aðalsteinn Davíðsson** og **Hanna Styrnisdóttir** sem talaði um **Magnús Pálsson**. Nemendur í sjónlist 2 áttu að byrja önnina á námskeiðinu **skapandi starfsumhverfi 1** en þar sem kennari námskeiðsins **Ósk Vilhjálmsdóttir** þurfti óvænt að vera fjarverandi að miklu leyti hlupu **Guðjón Ketilsson** og **Louise Harris** í skarðið og

leiddu nemendur inn í námskeiði skissubók 3. Louise hélt síðan áfram að hitta nemendur 2 st í viku til 25. september. **Skapandi starfsumhverfi** færðist að mestu yfir í nóvember og var kennt á tveimur vikum, hálfa og hálfa viku á móti bótagerð.

Sjónlist 3 byrjaði önnina á 4 daga törn í **margmiðlun 1** hjá **Vigfúsi Birgissyni** og **Erlu Stefánsdóttur**. Nemendur læruðu á stafrænu myndavélina og kynntust helstu forritum til að leiðréttu myndir í tölvu, s.s. LightRoom. Unnin voru ýmis hermiverkefni þar sem nemendur áttu að reyna að líkja eftir tilteknum ljósmyndum eftir þekkta ljósmyndara.

## SEPTEMBER

Að lokinni fyrstu viku hófust námskeið í teikningu. Sjónlist 1 og 3 voru í 4 vikur í **teikningu 1** hjá **Elsu D Gísladóttur, Guðrúnú Veru Hjartardóttur** og **Þorbjörgu Þorvaldsdóttur** en sjónlist 2 var í 5 vikur í **teikningu 3** hjá **Ingarafni Steinarsyni** og **Ingólfí Arnarsyni**. Teikning 3 fjallar um teikninguna í sem víðustum skilningi í þeim tilgangi að opna huga nemandans fyrir óendenlegum möguleikum þessa miðils. Teikning 1 er hinsvegar grunnáfangi þar sem nemendur læra bæði ísómetrísku teikningu og fjarvídarteikningu. Sterk áhersla er lögð á formgreiningu, gagnsæishugsun og mælingar. Árið áður hafði sú hugmynd kvíknað hjá kennurum í áfanganum að kenna **stærðfræði 1** samhlíða teikningunni og því hófst námskeiðið **stærðfræði 1** um sama leyti og teikningin með því að **Einar Þorsteinn Ásgeirsson** hélt fyrirlestur um fjölfötunga og eigin verk. Í stærðfræði 1 eru snertifletir stærðfræði og annarra raungreina við sjónlistir kannaðir. Megináhersla er lögð á rúmfraði í tvívíðu og þrívíðu hnítakerfi með það að leiðarljósi að opna augu nemenda fyrir því hvernig lögmál og reglur stærðfræðinnar geta verið kveikja að sjónrænni hugsun eða rannsókn sem getur leitt af sér eða verið grunnur að heilsteyptu verki. Áfanganum er skipt í two hluta og síðari hlutinn er kennur í tengslum við tvívíða og þrívíða formfræði. **Anna Hrund Másdóttir** kennið stærðfræðina en hún

*Stærðfræði, vorönn 2012, kennarar: Einar Þorsteinn Ásgeirsson og Anna Hrund Másdóttir. Verkefni eftir ýmsa nemendur.*



kenndi jafnframt í báðum formfræðiáföngunum síðar um haustið. Auk Einars Þorsteins kom **Björn Finnsson** í heimsókn í stærðfræðina og kenndi nemendum origami. Áfanganum lauk um miðjan nóvember.

Samhliða teikningunni voru nemendur í sjónlist 3 í **skapandi starfsumhverfi 1** og **margmiðlun 1**, auk þess sem þeim stóð til boða að sækja tíma í stærðfræðinni.

**Jón BK Ransu** kom og hélt fyrirlestur um fjarvídd fyrir allan hópinn og **Kristinn G. Harðarson** kom tvísvar og talaði um skissugerð, í annað skiptið fyrir sjónlist 2 en hitt fyrir 1 og 3. **Unndór Egill Jónsson** og **Sigga Björg** kynntu eigin verk fyrir nemendum í sjónlist 2, sömuleiðis **Páll Ívan Pálsson** sem og bandarískur hópur sem kallast **Prince Rama**. Skoski listamaðurinn **David Conearn** hélt fyrirlestur um eigin verk fyrir allan hópinn, auk nemenda í Teiknideild.

Nemendur sóttu ýmsar sýningar. Hópurinn sem var í teikningu 1 heimsótti Kunstschlager þar sem **Steingrímur Eyfjörð** var með sýningu. Nemendur í teikningu 3 sáu m.a. sýningu **Ingólfss Arnarsonar** og **Sólveigar Aðalsteinsdóttur** í sýningarráminu 1.h.v..

## OKTÓBER

Þegar teikninu 1 lauk fóru nemendur í sjónlist 1 í tveggja vikna námskeiði í módelteikningu, **módel 1** hjá **Katrínu Briem**,

**Þorbjörgu Þorvaldsdóttur** og **Þorra Hringssyni**. Námskeiðið er grunnnámskeið í módelteikningu þar sem áherslan er lögð á hlutföll og mælingar og staðsetningu módeli í rými.

Þegar sjónlist 2 lauk sínum teikniáfanga tók við 6 vikna áfangi, **módel 3** þar sem fjallað var um líkamann sem fyrirmund, viðmið og miðil í myndlist og hönnun. Verkefnið var að dýpka heildarskynjun nemandans á mannlíkamanum í ljósi þess hve hann er mikilvæg uppsprettu hugmynda, bæði í myndlist og hönnun. Áfram var horft á aðalatriði líkamsstöðunnar en jafnframt var veitt frelsi til að skoða nánar afmarkaða hluta líkamans, s.s. yfirborð og innviði og að teygja

*Þrívíð formfræði, vorönn 2012, kennarar: Sólveig Aðalsteinsdóttir; Hildigunnur Birgisdóttir. Tilraunir með efni.*





Teikning 2, vorönn 2012, kennarar: Guðjón Ketilsson og Þóra Sigurðardóttir. Nemandaverk eftir Ottó Ólaf Ottósson.

Líkamsformið út fyrir ramma raunsæisins yfir í abstrakt form. Fyrstu vikuna var sjónum beint að rýminu og því að mannslíkaminn er aðalviðmið í arkitektúr og hönnun. **Anna Hallin** í samstarfi við arkitekta hjá Arkibúllunni, þær **Hólsmríði Ósmann Jónsdóttir** og **Hrefnu Björgu Þorsteinsdóttur** hélt utan um fyrstu vikuna. Hömlun eða aðþrengjandi rými í arkitektúr var útgangspunkturinn og var fyrsta æfingin fólgin í að búa sér til eins þróngt rými og mögulegt er úr frauðkenndum plastdúk sem nemendur sniðu að eigin líkama og varð útkoman gjarnan nokkurskonar þúpa. Aðalverkefni vikunnar var svo að hanna fangaklefa og var m.a. farið í vettvangsverð í Hegningaráhúsið við Skólavörðustíg í upphafi þess ferlis. Næst tók við tveggja vikna önn þar sem nemendur unnu tvívíð verkefni undir handleiðslu **Margrétar H Blöndal** og þríði verkefni hjá **Brynhildi Þorgeirs dóttur**. Í teikningunni var m.a. notast við ýmsar tegundir af lit og pappír, þráð og nál og var en í þríði hlutanum var verkefni þeirra að byggja við líkamann og var unnið með pappamassa, vír og önnur efni. Í fjórðu vikunni fengu þau innsýn í gjörningalist þar sem líkaminn sjálfur er miðillinn. Kennarar voru **Þórey Sigþórsdóttir** leikkona og kennari í raddbeitingu og **Sara Björnsdóttir**. Vikunni lauk með gjörningadegi þar sem flestir nemendur tóku þátt. Tveir nemendur tóku í framhaldi þátt í gjörningakvöldi á vegum Leikhúss listamanna. Brynhildur og Margrét héldu svo aftur utan um síðustu tvær vikurnar þar sem nemendur unnu sjálfstæð verkefni í framhaldi af fyrri lotum.

Sjónlist 1 og 3 fóru að því loknu í two tveggja vikna áfanga í formfræði, **formfræði 1** þar sem unnið var með tvívíðan flót og **formfræði 2** þar sem unnið var með rými. **Anna Hrund Másdóttir** kenndi á báðum námskeiðunum, auk þess sem hún kenndi stóran hluta af **stærðfræði 1** samhliða formfræðinni. Á fyrra námskeiðinu kenndu með henni **Ingólfur Arnarsson** og **Unnar Örn Auðarson Jónasson**. Á síðara námskeiðinu kenndu **Ólöf Nordal** og **Sólveig Áðalsteinsdóttir**, auk Önnu Hrundar. Nemendur lærðu um vægi og sjónræn áhrif forma og hlutfalla á mynd á letti og í rými og kynntust aðferðum til að nýta þau áhrif meðvitað í myndbyggingu. Unnar voru ýmsar æfingar og stærðir og hlutföll og fjallað um hugtök á borð við jafnvægi / ójafnvægi, léttleika / þyngd,



Þríði formfr., vorönn 2012, kennarar: Sólveig Áðalsteinsdóttir, Hildigunnur Birgisdóttir. Nemandaverk eftir Helenu Svövu Helgad.

samstæður / andstæður o.s.frv. Í fyrri hlutanum hönnuðu nemendur plötuumslag, plakat, bol, merki ofl. með svörtu bleki og völdu annað hvort hugtakanna lygn eða hvass. Í þríða hlutanum voru áhrif ólíkra efna, litar og áferðar á form og rými könnuð.

**Pétur Ármanasson** hélt fyrilestur um módernismi í byggingalist og **Gunnar K Ottósson** arkitekt hélt fyrilestur um formfræði og hlutföll í arkitektúr, nemendur skoðuðu verk **Ólafar Nordal** um Bríeti Bjarnhéðinsdóttur.

## NÓVEMBER

Sjónlist 1 og 3 voru saman í tveggja vikna áfanga, **litafræði 1**.

Kennarar voru **Einar Garibaldi Eiríksson** og **Sigtryggur Bjarni Baldvinsson**. Nemendur kynntust grunnhugtökum litafræðinnar

og gerðu tilraunir með litablöndun frá sem flestum sjónarhornum í því skyni að kynnast öllum litaskalanum. Litir voru m.a. skoðaðir út frá mismunandi eiginleikum hvers og eins, vægi þeirra og áhrifum, bæði innbyrðis og út á við, andstæðum og samstæðum í lit og samspili litar og stærðar myndflatar í myndbyggingu. Notast var við grunnlitina þrjá, svart og hvít. Eftir að nemendur höfðu unnið hefðbundin verkefni á borð við litahringinn og grátónaskala var unnið með eina ákveðna mynd af spýtustráknum Gosa sem var fjölfolduð og lituð aftur og aftur í þeim tilgangi að kynnast virkni ólíkra lita og litasamsetninga.

Á meðan var sjónlist 2 í tveimur áföngum samhliða, **skapandi starfsumhverfi 1**, skólakynningum og **skapandi starfsumhverfi 2**, bókagerð. Eins og fyrr segir sé **Ósk Vilhjálmssdóttir** um skólakynningarnar en **Sigrún Sigvaldadóttir** kenndi bókagerð. Áfanginn varð ekki jafn markviss og til stóð þar sem skipulagið hafði ruglast eins og áður er komið fram við það að skólakynningarnar féluru niður í fyrstu viku skólaársins. Í SSU 1 er verkefni nemenda að velja sér skóla til að kynna sér til hlítar og kynna svo niðurstöður sínar fyrir samnemendum sínum. Jafnframt fá nemendur fræðslu um ýmsar ytri aðstæður náms í ólikum löndum og fulltrúi frá **Láanasjóði íslenskra námsmanna**, **Guðrún Grímsdóttir**, hélt kynningu á þjónustu sjóðsins. Í bókagerð lærðu nemendur að búa til og binda inn bækur og fengu að kynnast bókverkinu sem listformi. Þegar hér var komið sögu breyttist samsetninga hópanna og

nemendur í sjónlist 3 fóru í fyrsta sinn í áfanga ásamt sjónlist 2, í **Litafræði 2**, þriggja vikna áfanga um lití í rými. **Einar Garibaldi Eiríksson** og **Sigtryggur Bjarni Baldvinsson** héldu áfram sem kennarar en við bættist þriðji kennarinn, **Bórunn María Jónsdóttir** búningahönnuður. Áfram var haldið við að kynna nemendum kenningar litafræðinnar og ræða hugtök sem henni tengjast. Nemendur enduðu á að vinna metnaðarfullt lokaverk sem þau settu upp viðsvegar um húsið en hópurinn var sérlega stór í þessari nýju samsetningu, tæplega 50 manns. **Guðni Franzson** tónlistarmaður hélt fyrirlestur um lití í tónlist. Á sama tíma var sjónlist 1 í síðari vikulotunni í **Íslensku 1** með **Þorvaldi Þorsteinssyni**. Námskeiðinu lauk með því að nemendur settu upp sýningu í kennslustofunni með slagorðum af ýmsu tagi sem þau bjuggu til og máluðu á skilti en sá gjörningur virtist hafa mjög frelsandi áhrif á mörg þeirra og virtust þau njóta sín til botns við verkefnið.

## DESEMBER

Að þessu loknu fóru nemendur í sjónlist 1 í **margmiðlun 1** hjá **Erlu Stefánsdóttur** og **Vigfúsi Birgissyni** þar sem þau lærðu á stafrænu myndavélina og kynntust helstu forritum til að leiðréttu myndir í tölvu, s.s. LightRoom.

Gert var ráð fyrir því að sjónlist 3 tæki áfangann **margmiðlun 2** fyrir jólafri en það gekk ekki upp. **Helga Óskarsdóttir** lauk þó sínum hluta námskeiðsins á tilsettum tíma. Í margmiðlun 2 er kennt á forritið InDesign, auk þess sem nemendur nota frjálsan hugbúnað á internetinu. Ljósmyndunina kenndu **Erla Stefánsdóttir** og **Vigfús Birgisson**. Í ljósmyndunarhlutanum er þekking nemenda á starfrænni ljósmyndun dýpuð, auk þess sem þau fá að kynnast vinnu með filmu í myrkrahverbergi. Vegna anna hjá kennurum fyrir jólín varð að fresta þessum hluta áfangans fram yfir áramótin en þar sem stundaskrá nemenda var fyrir mjög þétt lauk áfanganum ekki fyrr en ívikunni fyrir páskafri.

## Bóklegir áfangar sem teygðu sig yfir alla önnina

Allir hópar voru í listasögu. Sjónlist 1 var í **listasögu 1** hjá **Shaunu Laurel Jones** sem miðaði að því að leggja grunn fyrir frekara listasögunám með því að kynna nemendur fyrir aðferðum og hugtökum. Viðfangsefnið var valið eftir þema fremur en tímálinu og nemendur skiluðu nokkrum smærri verkefnum. Námið var skipulagt í samhengi við áfangann **ensku 1** en kennslan í listasögu fer fram á ensku. Sjónlist 2 og 3 voru saman í **listasögu 3** en sá áfangi var tvískiptur. Annarsvegar kenndi Shauna almenna listasögu innan listasögu 3, frá 17. öld og lítillega inn í 19. öldina. Hinsvegar voru nemendur í **Íslenskri listasögu** hjá **Önnu Jóá**. Áfangarnir giltu 50% hvor. Farið var í skólaferðalag til Hveragerðis og skoðuð sýningin **Nautn og notagildi** sem **Anna Jóá** hafði sett saman ásamt **Elísabetu Ingvarsdóttur** en sýningin fjallaði um myndlist og hönnun á Íslandi, auk þess sem fjölmargar sýningar á höfuðborgarsvæðinu voru skoðaðar.

Allir nemendur lærðu Listheimspeki og menningarlæsi. Sjónlist 1 og 3 voru í **Listheimspeki og menningarlæsi 1** hjá **JBK Ransu** og **Einari Garibalda Eiríkssyni**. Þeir skiptu áfanganum með sér þannig að Ransu byrjaði og byggði kennsluna fyrst og fremst á nýútgefinni bók sinni, **Listgildi samtímans** þar sem hann fjallar um íslenska samtímalist og það hvernig við metum hluti og gefum þeim merkingu sem list. Fjallað var um grunnhugtök fagurfræðinnar á borð við hið fagra, hið háleita og hið gróteska. Einar Garibaldi

annaðist síðari hluta námskeiðsins þar sem nemendur fengu inngang að sjónmenningarfræði. Kennslan fór að hluta fram í formi fyrirlestra en einnig var farið í vettvangsferðir og heimóknir og unnu fjlölbreytt verkefni, ýmist sem einstaklingar eða í hópum.

**Áslaug Thorlacius** og **Inga Þórey Jóhannsdóttir** sáu um **Listheimspeki og menningarlæsi 3** í sjónlist 2. Áfanginn var mjög fjlölbreyttur en reynt var að tengja námsefni hans við þá verklegu áfanga sem nemendur sátu í á hverjum tíma. Í tengslum við teikningu 3 var farið á sýningu **Helga Þorgils Friðjónssonar**, **Lars Ravn** og **Holger Bunk** í Listasafni ASÍ og sýninguna **Minning um myndlist** á sama stað sem og **HA**, sýningu **Söru Björnsdóttur** og sýningu **Dan Petrovski** í Hafnarhúsi. Í tengslum við módel 3 fengu nemendur að kynnast starfi anatómisks teiknara hjá **Hjördísi Bjartmars** sem kom og hélt fyrirlestur og sáu sýningu **Ólafar Nordal Musée Islandique** í Listasafni Íslands og sýningu **Guðjóns Ketilssonar**, **Melankólíu**, í Menningarhúsinu Skúnum. Nemendur heimsóttu **Útúrdúr** í tengslum við bókagerðarfanga. Í tengslum við skapandi starfsumhverfi heimsóttu nemendur Helga Þorgils Friðjónsson á vinnustofu hans og skoðuðu Listaháskóla Íslands. **Ólöf Pálsdóttir** skrifstofustjóri Myndstefs og **Harpa Fönn Sigurjónsdóttir** lögfræðingur hjá sömu stofnun héldu fyrirlestur um höfundarrétt. Áfanganum lauk með ferð á leiksýninguna **Rautt** í Borgarleikhúsi sem fjallaði um bandaríksa listmálarann **Mark Rothko**. Námsmat byggðist á þátttöku í umræðum og verkefnum en nemendur skiluðu 4 verkefnum yfir önnina. Nemendur í sjónlist 1 voru í **ensku 1** hjá **Louise Harris** sem eins og áður er komið fram var kennd í nánum tengslum við áfangann **listasögu 1**. Unnið var með ákveðin þemu sem tengjast viðfangsefnum myndlistarinnar í gegnum aldirnar og þannig lögð áhersla á faglegan orðaforða. Nemendur héldu dagbók um rannsóknir sínar og vinnu í skólanum, lásu greinar, viðtöl og skoðuðu myndbönd um myndlist og myndlistarmenn. Nemendur skrifuðu ritgerð um listamann eða hönnuð sem hefur haft áhrif á þau og héldu kynningu um efni ritgerðarinnar fyrir hópinn. Samstarf kennara í ensku og listasögu var nokkuð viðtækt, m.a. heimsóttu nemendur Þjóðminjasafn Íslands með kennurum í báðum áföngum en þar hlýddu þau á leiðsögn á ensku. Nemendur í sjónlist 2 voru í **ensku 3** hjá **Louise Harris**. Áfanginn er ekki hluti af kjarnanum sem skilgreindur er í skólanámskrá en Louise taldi rétt að kenna þennan áfanga í þetta eina sinn. Áfram var haldið við að vinna með faglegan orðaforða. Nemendur skiluðu stuttum skriflegum greinargerðum, u.p.b. 500 orðum á viku og lásu bókina **The Rachel Papers** eftir **Martin Amis**. Áfram var unnið með dagbækurnar auk þess sem nemendum bauðst aðstoð við að skrifa „artist’s statement“ í tengslum við umsóknir í skóla erlendis. Nemendur í sjónlist 3 voru jafnframtí **Íslensku 3** hjá **Elínborgu Ragnarsdóttur**. Efni áfangans var tvíþætt. Í fyrsta lagi skrifuðu nemendur heimildargerð um valið efni tengt listum þar sem bæði íslenskukennari og faggreinakennari áttu að leiðbeina um gerð ritgerðarinnar og meta hana. Nemendum var uppálagt að velja sér faggreinakennara úr kennaraliði Myndlistaskólans en á þessu varð nokkur misbrestur og aðeins örfáir nemendur nýttu sér þann kost. Í öðru lagi var eitt helsta bókmenntaverk tuttugustu aldarinnar, **Sjálfstætt fólk**, tekið til umfjöllunar. Nemendur lásu verkið en skoðuðu einnig áhrif verksins og höfundar þess, Halldórs Laxness, á þjóðlíf, listir og listamenn 20. og 21. aldar.

# TEIKNING

Teikning er tveggja ára diplómanám á 4. þrei samkvæmt íslenska viðmiðarammanum um nám og jafgildir 120 ECTS einingum í samstarfsskólum í Evrópu. Nemendur geta bætt við sig einu ári við University of Cumbria (eða fengið námið metið hjá öðrum háskólum) og þannig lokið náminu með BA gráðu. Kennsla fer fram í Myndlistaskólanum í Reykjavík en hluti þess er kenndur í Tækniðaskólanum – skóla atvinnulífsins.

## D-hluti, vorönn 2012

**D hluti** skiptist í 4 áfangi: Tjáning og miðlun, Rannsóknarleiðangur, Sjálfstætt lokaverkefni og Nýsköpun og stofnun fyrirtækja sem var kennt á vegum Tækniðaskóla. Einnig er kennd módelteikning einu sinni í viku af mismunandi kennurum.

**Annarstjóri:** Bjarni Hinriksson.

Kennarar: Halldór Baldursson, Bjarni Hinriksson, Anna C Leplar, Jón Karl Helgason, Jóhann L. Torfason og Bjarnheiður Jóhannsdóttir.

**Nemendur:** 13 nemendur hófu nám í D hluta og luku þau öll 23 framhaldsskólaeiningum eða ígildi 30 ECTS eininga.

**Fyrirlestrar:** Benjamin Bohn frá tölvuleikjafyrirtækinu CCP, Birgitta Sif, barnabókahöfundur, Ingólfur Björgvinsson, Jón Karl Helgason úr HÍ og Guðrún Magnúsdóttir frá forlaginu Opna.

## TJÁNING OG MIÐLUN

**Dagblaðsteikningar:** Fyrsti áfangi byrjaði með einnar viku lotu með Halldóri Baldurssyni. Þar unnu nemendur með sannsögulegt efni úr dagblöðum með það markmið að láta eina mynd túlka söguna.

**Sjónvarpið:** Nemendur kynntust grunngerli sjónvarpsvinnunnar og þá sérstaklega hönnun, leikmynd og grafík í samstarfi við teiknistofu

*Porri Hringsson kennir módelteikningu á A-önn, haust 2012.*



RÚV. Nemendur unnu saman í smærri hópum að verkefnum. Stærsti hlut kennslunnar fór fram í RÚV þessa viku.

**Myndasögur og fornsögur:** Jón Karl Helgason hélt fyrirlestur um myndskreytingar við Brennu-Njálssögu og stýrði verkefnavinnu þar sem nemendur unnu tveir og tveir saman að greiningu hluta úr myndasögunum Egill Skallagrímsson (byggð á Egilssögu), Brennan (byggð á Brennu-Njálssögu) og Vafamál (byggð á Vafþrúðnismálum). Nemendur unnu myndasögur byggðar á texta úr Egilssögu, Brennu-Njálssögu eða Skáldskaparmálum. Ingólfur Örn Björgvinsson hélt einnig fyrirlestur um myndasöguröð sína og Emblu Ýrar Bárudóttur.

**Bókverk:** Þessi tveggja vikna lota snérist um hugmyndavinnu og undirbúningu til prentunar. Verkefnið var samvinna MR og Listaháskóla Íslands: prentun bókverks á prentverkstæði LHÍ. Undirbúningvikan fór fram í MÍR. Seinni vikan var unnin í leturpressu og silkiþrykk undir handleiðslu Jóhanns L. Torfassonar. Þótt hugmyndavinnan og teikningin hafi verið viðfangsefni vikunnar á undan var prentverkstæðið einnig vettvangur sköpunar og umbreytinga.


## Minningar og miðlun

Í framhaldi af vinnu síðustu vikna með ólíka miðla og sem beinn undanfari lokaverkefnisins var sjóninni aftur beint að hugmyndaþróun, heimildarvinnu og framsetningu í ólíkum miðlum. Í samstarfi við kennara frá Hagnýtri menningarmiðlun Háskóla Íslands unnu nemendur með eigin minningar, eigin sögu (eða fjölskyldu sinnar) og settu það fram í því formi sem tími og aðstæður leyfðu.

## RANNSÓKNARLEIÐANGURINN

Áfanginn byrjaði með viku ferðaundirbúningi og þá sérstaklega kennslu í notkun sjónrænna dagbóka sem Kristín Helga Ragnarsdóttir og Bjarni Hinriksson sáu um. Síðan var haldið til Angouleme í Bordeaux héraði í Frakklandi í fylgd Bjarna. Þar var Teiknifestivalið heimsótt sem og vinnustofur teiknara í bænum. Nemendur heimsóttu einnig 3 skóla á svæðinu; École européenne supérieure de l'image (EESI) - European School of Visual Arts École des métiers du cinéma d'animation (EMCA) - School of Film Animation Technologies, École nationale du jeu et des médias interactifs numériques (ENJMIN) - Graduate School of Games and Interactive Medias.

Í seinni viku ferðarinnar ferðuðust nemendur til Bretlands og skoðuðu skóla og söfn með Önnu Cynthiu. Þeir fóru meðal annars á daglangt workshop í BA deildinni í CSA (Cambridge School of Art) og heimsóttu einnig London College of Communications illustration og animation deildina. Þau heimsóttu líka Fitzwilliam safnið í Cambridge, National Gallery, V&A, Cartoon Museum og British Museum í London. Þegar heim var komið unnu nemendur úr dagbókum sínum og héldu sýningu á verkum og ferðinni sjálfrí.



Dagbókarteikningar úr rannsóknarferð á D-önn 2012.

## SJÁLFSTÆTT LOKAVERKEFNI

Í þessari lotu var kennlustofan einhverskonar verkstæði eða vinnustofa. Í upphafi verkefnainnunar þurfti hver nemandi að leggja fram hugmynd og verkáætlun. Nemendur unnu sjálfstætt að lokaverkefni undir handleiðslu annarstjóra, kennara fyrri anna eða mentora úti í bæ. Einstaklingsvinnan var brotin upp af og til með beinni kennslu og verkefnum þegar listamenn/fræðimenn/höfundar voru fengnir inn.

## VORSÝNING – ÚTSKRIFT OG INNTAKA NÝRRA NEMENDA

Önninni lauk með vorsýningu Diplómadeilda og Sjónlistardeilda Myndlistaskólans í maí 2012. Sýningin var haldin í Lækningaminjasafninu á Seltjarnarnesi. Alls útskrifuðust 11 nemendur. Tveir nemendur komust inn í framhaldsnám í Laguna College of Art and Design í Californíu, einn komst inn í SCAD – Savannah College of Art and Designa í Georgíu-fylki, einn komst inn í Edinburgh School of

Art í Skotlandi og einn hefur notað síðasta ár til þess að læra frönsku og undirbúa sig fyrir inntökum í École européenne supérieure de l'image í Angouleme í Frakklandi.

Sextíu manns sóttu um nám í deildinni fyrir næsta skólaár, 2012-2013 og voru 13 mörg pláss í boði. Í inntökunefnd voru Anna Cynthia Leplar, Halldór Baldursson og Sólveig Aðalsteinsdóttir og tóku þau 6 manns í viðtöl. Eftir inntökuferlið voru settar fram ítarlegri leiðbeiningar til umsækjenda um hverju væri helst leitað eftir í portfolio.

## A-hluti, haustönn 2012

**A hluti skiptist í 4 áfanga:** Módel/hlutateikning, Kveikjur, heimildir og úrvinnsla, Umhverfi/tækni/samvinna, Saga manns og hlutar og myndasögur.

**Annarstjóri:** Þóra Sigurðardóttir.

**Kennrarar:** Þóra Sigurðardóttir, Halldór Baldursson, Bjarni Hinriksson, Brian Pilkington, Þorri Hringsson, Ingólfur Björgvinsson, Gunnar Karlsson og Elísabet Ingvarsdóttir. Úlfhildur Dagsdóttir kenndi myndasögur einn eftirmiðdag í viku í 5 vikur.



Í workshop í Cambridge School of Art, rannsóknarferð á D-önn 2012.


Vigfús Birgisson og Helga Óskarsdóttir kenndu ljósmyndun og bloggsíðugerð í eina viku.

**Nemendur:** 13 nýir nemendur hófu nám í deildinni í A-hluta ásamt einum nemenda sem hafði lokið C-og D-önninni skólaárið áður og luku þau öll önninni með 23 framhaldsskólaeingum eða ígildi 30 ECTS eininga.

Áfanginn **Módel- hlutateikning** teygði sig yfir alla önnina. Nemendur fengu innsýn í margslungna eiginleika módelteikningarinnar í gegnum teikningu og málun. Þeir nýttu sér þann grunn sem undirstöðu fyrir fjölbreytilega myndheima.

**Kennrarar:** Þóra Sigurðardóttir, Halldór Baldursson, Þorri Hringsson og Gunnar Karlsson.

Önninn byrjaði með áfanganum **Kveikjur, heimildir og úrvinnsla**. Síðan fléttaðist þessi áfangi einnig inn í önninna alla. Nemendur



unnu með teikninguna eins og hún birtist frá söguöld til dagsins í dag. Þeir lærðu að afla sér gagna úr margs konar handritum, söfnum og bókum með skissum, ljósmyndum og textum. Nemendur unnu með fornrit, teikningar úr handritum miðalda og listasöguna (mannslíkamann og fjarvíddarrými).

**Umhverfi/tækni og hlutar** var þriðji fléttuhluti annarinnar. Nemendur efldu færni sína í grundvallaratriðum myndgerðar, í teikningu, litameðferð og í myndrænni frásögn. Nemendur kynntust einföldum grafískum aðferðum hjá Ingólfí Björnssyni. Hjá Brian Pilkington kynntust nemendur leiðum til að skapa andrúmsloft með notkun ljóss og skugga með markvissri litanotkun.

Í október 2012 fór deildarstjóri í Teikningu, Anna Cynthia Leplar í skólaheimsókn til Bretlands. Heimsóttar voru Illustration, Animation, Games Design, Graphic design, Drawing and Applied Art og Fine Art deildir í ýmsum háskólum, t.d. Cambridge School of Art í Cambridge, London College of Communication –University of the Arts, London, University of the West of England í Bristol og University of Cumbria. Kannað var hvort að aðrir skólar væru opnir fyrir svipuðu samstarfi og er nú þegar við Háskólan í Cumbríu þ.e.a.s. að nemendur eigi möguleika á að klára BA nám með því að ljúka 3. ári hjá þeim. Þessar heimsóknir voru afar gagnlegar og upplýsandi og fyrir utan

LCC (sem vildi bara skoða möguleika á að taka inn á öðru ári) voru allir skólarnir tilbúnir að meta nemendur MIR inn á þriðja ár ef sótt yrði um slíkt. Það var hjálplegt, í þessari málaleitan var að hafa meðferðis bækling með sýnishornum af verkum nemenda.

Í heimsókn deildarstjóra voru einnig skoðaðar sérstaklega leiðir sem University of Cumbria notar við námsmat og er ætlunin að gera tilraunir með slíkar leiðir í teiknideildinni. Í megindráttum felast aðferðir Cumbriu í að kennrar gera skriflegt mat á vinnu og vinnuaðferðum nemanda sem þeir ræða við nemanda. Síðan skilar nemandi skriflegu svari við þessum athugasemdum og segir hvernig hann mun bregðast við þeim og bæta sína vinnu.

Úr heimastofu teiknideilda.

Portrettteikning á A-önn 2012.

Angoulême í Frakklandi, rannsóknarferð á D-önn 2012.

# KERAMIKKJÖRSVIÐ KHL

Keramik kjörsvið er 21 einingar nám á framhaldsskólastigi í undirstöðuatriðum leirvinnu. Námið er hluti af hönnunarbraut Hönnunar- og handverksskóla Tækniðskólans og fer verklegi hluti námsins (21 eining) fram á keramikverkstæðum Myndlistaskólans í Reykjavík.

Keramik kjörsvið er eingöngu kennt á haustönn.

**Nemendur:** 7 nemendur stunduðu nám á keramik kjörsviði og luku 6 námi.

Einn nemandi úr kjörsviði hóf nám í Mótun B hluta í janúar 2012.

**Umsjónarkennari** var Sigurlína Osuala.

**Kennrarar** auk hennar voru Ragnhildur Stefánsdóttir, Steinunn Helgadóttir, Guðný Magnúsdóttir, Ragnheiður Ingunn Ágústsdóttir, Bjarni Viðar Sigurðsson og Sigríður Helga Hauksdóttir.

Í KHL Keramik kjörsviði er farið ítarlega í gegnum helstu vinnuaðferðir við leir s.s. handmótun, rennslu, einfalda gifsmótagerð, glerungagerð og skreytiaðferðir. Unnið er með jarðleir og steinleir. Nemendur gera skissubók þar sem sköpunarferlið er skráð ásamt hugmyndum og tæknupplýsingum. Síðustu 4 vikurnar vinna nemendur lokaverkefni og nýta það sem þeir hafa lært í fyrri áföngum til þeirrar vinnu.



## MÓTUN

– LEIR OG TENGD EFNI

Mótun er tveggja ára diplómanám á 4. þepri samkvæmt stöðlum Evrópusambandsins og gafngildir 120 ECTS einingum.

Mögulegt hefur verið að bæta við sig einu ári við University of Cumbria og ljúka þannig náminu með BA gráðu en nú stendur til að loka keramikdeildinni þar eftir ár, þannig að síðasti hópurinn úr Mótun fer þangað haustið 2013.

Kennsla í Mótun fer fram í Myndlistaskólanum í Reykjavík (100 ECTS) en hluti af fræðilegu námi og tölvuáfangi er kenndur í Tækniðskólanum – skóla atvinnulífsins (20 ECTS).

Til að sækja um nám í öðrum skólum eftir Diplómanám í Mótun þurfa nemendur að útbúa góðar ferilmöppur. Hingað til hafa nemendur að mestu séð um það sjálfrir en fengið aðstoð og mat í lokin frá kennrum. Nú er hins vegar verið að þróa sérstakan áfanga í ferilmöppugerð og ljósmyndun.

### Vorönn 2012

**Á vorönn 2012 voru kenndir tveir námshlutar í Mótun- leir og tengd efni: B hluti – Efni og D hluti - Framleiðsla.**

Ekki var neinn nýr nemandi tekinn inn á vorönn 2012.

**B HLUTI - EFNI**

**B hluti** skiptist í 4 áfanga: Hugmyndavinna, Efni og aðferðir, Rannsóknarleiðangur og Nýsköpun og Stofnun fyrirtækja.

**Annarstjórar** B hluta voru Hildur Ýr Jónsdóttir og Ólöf Erla Bjarnadóttir.

**Kennrarar** auk þeirra voru Hrafnkell Birgisson, Sigurlína Osuala, Sigrún Ólöf Einarsdóttir og Bjarnheiður Jóhannsdóttir

**Nemendur:** 13 nemendur hófu nám í B hluta og luku 12 nemendur 23 framhaldsskólaeinum eða ígildi 30 ECTS eininga. 1 nemandi útskrifaðist með Diplómagráðu úr B hluta, Diðrik Steinsson.

Önnin snerist að mestu um tilraunir með postulín. Nemendur bjuggu til form úr tilbúnum hlutum s.s. grænmeti, trjágreinum, ljósaperum ofl. Þessum tilbúnu formum umbreyttu nemendur með margs konar hætti og gerðu að sínum. Hver og einn nemandi skar upp sín grunnform og skeytti saman að nýju. Mismunandi áferðum var stefnt saman og hlutar endurteknir eða nýjum formhlutum blandað saman við.

Í þessari vinnu skipti ferlið sjálft miklu sem og rannsóknin sem fór fram í gegnum efnið og tilraunirnar. Mikið var lagt upp úr því að sjá marga ólíka möguleika í hverju formi og velta þeim fyrir sér, bregðast við, velja úr og taka næsta skref. Endanlega útkoman skipti minna máli en þó var takmarkið að gera nytjahlut og þema vorsýningaráinnar var „Hlaðborð“.

Í áfanganum **Rannsóknarleiðangur**, var farið til **þýskalands** í námsferð með styrk frá Leonardo mannaskiptaverkefnum Evrópusambandsins. Þar heimsóttu nemendur margvíslegar stofnanir s.s. postulínsverksmiðjurna **Kahla, University of Art and Design í Halle** og söfn sem tengjast postulínsframleiðslu. Nemendur fóru einnig til Berlínar og sáu þar listsýningar og fóru á



Vorsýning B-hluta 2012.

söfn. Ferðin tók tvær vikur. **Fararstjóri og kennari** í áfanganum var Hrafnkell Birgisson.

Á vegum Tækni-skóla var kenndur áfanginn *Nýsköpun og stofnun fyrirtækja*. Bjarnheiður Jóhannsdóttir kenndi þann áfanga og var hann kenndur með nemendum í B hluta og D hluta Mótunar. Í B hluta var ákveðið að halda áfram á svipaðri braut að ári en reyna að fylgja eftir til að gera tilraunir með.

#### D HLUTI - FRAMLEIÐSLA

**D hluti** skiptist í 5 áfanga: Hugmyndavinnu, Gifsmótagerð, Hönnun og framleiðslu, Rannsóknarleiðangur og Nýsköpun og stofnun fyrirtækja.

**Annarstjórar** voru Sigurlína Osuala og Garðar Eyjólfsson.

Kennarar auk þeirra voru Barbara Schmidt, Jens Pfotenhauer og Bjarnheiður Jóhannsdóttir.

**Nemendur:** 9 nemendur stunduðu nám í D hluta og luku allir 23 framhaldsskólaeiningum eða ígildi 30 ECTS eininga.

8 nemendur útskrifuðust með Diplómagráðu úr D hluta.

Tveir nemendur fengu inngöngu í LHÍ, myndlistardeild.

Tveir nemendur fengu inni í Listaháskolanum í Halle, keramikhönnunardeild og einn nemandi hóf nám í hönnunardeildinni í Eindhoven í Hollandi.

Fjórum nemendum, Sigrúnu Jónu Norðdahl, Sigríði Þóru Óðinsdóttur og Maríu Worms Hjartardóttur var boðið að vinna á gifs-

verkstæði postulínsverksmiðjunnar Kahla til áframhaldandi þróunar lokaverkefna sinna.

Í D hluta er áhersla lögð á samvinnu við fyrirtæki með fjöldaframleiðslu í huga. Mikil tæknikennsla fer fram og nemendur læra að gera gifsmót fyrir framleiðslu á hlutum úr leir og postulíni. Ákveðið var að halda áfram samstarfi Myndlistaskóla og postulínsverksmiðjunnar KAHLA á vorönn 2012. Þema verkefnisins þetta árið var flæði/hringrás en útkoman átti að vera nytjahlutur úr postulíni sem gæti nýst á heimili og hentaði til fjöldaframleiðslu.

**Barbara Schmidt** yfirhönnuður **Kahla** kom til Íslands fyrrihluta annarinnar og fór yfir hugmyndavinnuna og valdi svo ásamt leiðbeinendum verkefnisins eina hugmynd frá hverjum nemanda til þess að þroa í endanlega frumgerð. Valdir voru fjórir nemendur til að fara til Kahla og þroa áfram verkefni sín á gifsmótaverkstæði þeirra þar. Þannig fengu nemendur tækifæri til að þroa verkefni sín áfram hjá reynslumíklum og færum gifs- og postulínsmeisturum Kahla.

Á vegum Tækni-skóla var kenndur áfanginn Nýsköpun og stofnun fyrirtækja. Bjarnheiður Jóhannsdóttir kenndi þann áfanga og var hann kenndur með nemendum í B hluta og D hluta Mótunar.

Vel þótti takast til með árangur í D hluta. Vinna nemenda og kennara var með ágætum og samstarfsverkefni við Kahla tókst mjög vel.

Önninni lauk með vorsýningu Diplómadeilda og Sjónlistardeilda Myndlistaskóla. Sýningin var haldin í Lækningaminjasafninu á Seltjarnarnesi.

## Haustönn 2012

Á haustönn 2012 voru kenndir tveir námshlutar í Mótun – leir og tengd efni,

### A HLUTI – UPPRUNI OG C HLUTI – INNRI GERÐ.

10 nemendur stunduðu nám í Mótun á haustönn í A hluta en 7 í C hluta.

Í inntökunefnd voru Ólöf Erla Bjarnadóttir og Sigurlína Osuala. Skoðaðar voru möppur með náms- og starfsferli, verkum og skíssum en auk þess voru umsækjendur teknir í viðtöl. Fjártán umsækjendur voru í Mótun, þrettán voru teknir inn.

### A HLUTI UPPRUNI

A - hluti skiptist í 4 áfanga. Þeir voru: Hugmyndavinna, Efni og aðferðir, Tilraunastofa með íslensk jarðefni og Saga manns og hlutar, sem kenndur var á vegum Tækniskólans.

Annarstjórar í A hluta voru: Sigurlína Osuala og Kristrún Thors. Kennarar voru auk þeirra, Bjarnheiður Jóhannsdóttir, Ragnheiður Ingunn Ágústsdóttir og Elísabet Ingvarsdóttir.

Nemendur: Allir nemendur A hluta luku 23 framhaldsskólaeiningum eða ígildi 30 ECTS eininga. 1 nemandi lauk námi með Diplómagráðu úr A hluta, Helga Hrönn Þorleifsdóttir.

Í A hluta Mótunar er „uppruni“ hugmyndalegur útgangspunktur og þess vegna var unnið með jarðleir og ýmsar upprunalegar aðferðir við móton hans og skreytingu. Í áfanganum íslensk jarðefni var farin ferð í Dalasýslu þar sem grafinn var upp íslenskur leir og margvíslegum steinefnum safnað til glerungagerðar. Lögð var áhersla á ýmsar handmótunaraðferðir en auk þess voru gerð einföld gifsmót og fljótandi leirmassi var unninn úr íslenskum leir. Í áfanganum, Saga manns og hlutar undir stjórn Elísabetar Ingvarsdóttur voru skoðuð viðhorf í heimspeki, hagfræði, mannfraði og sögu og fengnir ýmsir fræðimenn til að flytja fyrirlestra. Í heildina þótti takast vel til í starfi annarinnar en þó þarf að endurskoða hugmyndalegar forsendur lokaverkefnis t.d. hafa skýrari og þrengri ramma viðfangsefnis.

### C HLUTI INNRI GERÐ

C hluti skiptist í áfangana: Efni og aðferðir (rennsla og glerungar), Heimspeki, Teikning og Portfólió, Sjálfstætt verkefni og Tölvustudd hönnun. Annarstjórar í C hluta voru: Ólöf Erla Bjarnadóttir og Brynhildur Pálsdóttir.

Kennarar auk þeirra voru: Christian Bruun, Guðbjörg Káradóttir, Ragnheiður Ingunn Ágústsdóttir, Guðbjörg R. Jóhannesdóttir, Sóloveig Aðalsteinsdóttir, Sigurlína Osuala og Magnús Stephenssen. Nemendur: 7 nemendur stunduðu nám í C hluta og luku allir 23 framhaldsskólaeiningum eða ígildi 30 ECTS eininga.

Áhersla í vinnu annarinnar var mestmegin á rennslu, þ.e. tæknina við að renna leir á rennibekk og samhæfingu líkama og hugar sem er mjög mikilvægur þáttur að ná valdi á rennslu.

Hugmyndavinna var unnin meðfram og í nánum tengslum við rennsluna. Tvö verkefni voru meginuppistaðan í vinnu annarinnar, (fimm hlutir eins og þrjú form ofan í hvert öðru). Þau voru unnin útfrá rennslutækninni en hugmyndavinnan var samofin og unnin samhlíða.

Þetta var í fyrsta skipti sem megináhersla viðfangsefna var á rennslu í C hluta. Í heildina tókst það vel en þó þarf að endurskoða ýmislegt, sérstaklega hvernig hugmyndavinna og tæknikennsla þróast og vinnast saman.

Í desember 2012 fóru deildarstjóri og kennari Mótunar, Ólöf Erla Bjarnadóttir og Brynhildur Pálsdóttir í skólaheimsókn til Norðurlanda á vegum VETPRO mannaskiptaverkefnis sem styrkt er að Menntaáætlun Evrópusambandsins. Heimsóttar voru keramikdeildir í Konstfack, Stokkhólmi, HDK í Gautaborg og keramikdeildir Listaháskólans í Kaupmannahöfn sem eru tvær. Önnur er staðsett í Kaupmannahöfn en hin á Bornholm. Þessar heimsóknir voru afar gagnlegar og upplýsandi og urðu upphaf að samstarfi sem er nú formlega komið á milli Myndlistaskólans í Reykjavík og keramikdeildarinnar á Bornholm.

Önninni lauk með því að nemendur unnu verk fyrir sýningu sem sett var upp í húsnæði Myndlistaskólans í Reykjavík að Hringbraut 121.



Leirrennsla C-hluti. Kennari Christian Bruun.



# TEXTÍLL

Námið er tveggja ára diplómanám á 4. þrei samkvæmt íslenska viðmiðarammanum um menntun. Námið jafngildir 120 ECTS, þar af eru 20 ECTS einingar sem kenndar eru á vegum Tækniiskólans. Möguleiki er að bæta við sig tveimur árum árum við Heriot Watt háskólan í Skotlandi og ljúka þannig náminu með BA -honors gráðu en BA-honors nám við HWU er fjögurra ára nám. Námið fer að mestu leyti fram í Myndlistaskólanum í Reykjavík.

## D HLUTI - VOR 2012 - FRAMLEIÐSLA

**Þema:** Framleiðsla var kynnt í þessum áfanga. Út frá ólíkum forsendum og áhugasviði valdi hver og einn nemandi sér vettvang þar sem samskipti og framleiðsla eru útgangspunktar og átatði sig á möguleikum greinarinnar. Sjálfstætt lokaverkefni var síðan valið út frá þessari vitund nemenda.

### Lotur í D-hlutanumvoru:

**Þróuhugmynda - portfolio:** 3 vikur. Hildur Steinþórssdóttir og Rúna Thors kenndu nemendum að þráa verkefni frá hugmynd til fullunnar vöru. Nemendur fengu þjálfun í að vinna í hópum að

lausn verkefna sem líkja eftir raunverulegu ferli í heimi framleiðslu og hönnunar. Inn í áfangann fléttuðist vinna við portfolio eða ferilskrárgerð sem Helga Óskarsdóttir kenndi, og Ósk Vilhjálmsdóttir leiðbeindi nemendum við textavinnu.

### Nýsköpun og stofun fyrirtækja:

Einu sinni í viku hálfan dag. Bjarnheiður Jóhannsdóttir kenndi áfangann sem miðaði að þróun við skiptahugmyndar yfir í viðskiptatækifæri og unnu nemendur fullbúna viðskiptaáætlun. Farið var yfir grundvallaratrið í samvinnu í hóp og þá þætti sem stuðla að skapandi hugsun.

### Rannsóknarferð:

2 vikur. Brynhildur Pálsdóttir og Hildur Bjarnadóttir kenndu. Nemendur fóru í vettvangsferð til Bretlands og Hollands þar sem heimsóttir voru listaháskólar eins og Central Saint Martins í London og Heriot-Watt í Skotlandi. Einnig söfn, fyrirtæki og stofnanir sem eru framarlega í textílhönnun og -framleiðslu. Meðal annars var farið í Vlisco, fyriræki stofnað 1846 sem sérhæfir sig í vaxþrykki fyrir Afrikumarkað og Linton Tweed sem er þekktast fyrir að framleiða ofin tweed efni fyrir Chanel.



**Sjálfstætt verkefni:** 8 vikur. Brynja Emilsdóttir og Björg Pjetursdóttir kenndu. Verkefnið gekk út á sjálfstæða vinnu nemenda sem byggði á rannsóknum á viðfangsefni sem nemandi valdi sér, þróaði áfram og fullvann að lokum afurð sem gæti verið tilbúin til framleiðslu. Kennarar voru til aðstoðar við hugmyndavinna og fóru nemendur einnig í viðtöl til Hildar Bjarnadóttur, Eyglórar Harðardóttur og Hildar Ýrar Jónsdóttur. Prófdómari var Kristín Gunnarsdóttir verkefnastjóri hjá Hönnunarmiðstöð Íslands.

**Textílpottur:** Umsjón hafði Arnþrúður Ösp Karlsdóttir. Allar vettvangsferðir og fyrirlestrar eru settir undir eina lotu undir nafninu *Textílpotturinn*. Markmið áfangans að undirbúa nemendur fyrir framtíðina sem textílhönnuðir og listamenn, þjálfa sjálfstæði og færni þeirra í greiningu eigin hugmynda með umræðum og verkefnum. Farið var í vettvangsferðir, verksmiðjur, sýningar og á vinnustofur hönnuða og listamanna til að kynna starfs- og menningarárumhverfi þeirra. Meðal gestafyrirlesara voru Rúnar Ómarsson hjá Nikita, Sigga Sigurjóns eigandi SPARK, Sunneva Hafsteinsdóttir hjá Handverk og Hönnun, Halla Helgadóttir hjá Hönnunarmiðstöð og Halla Bogadóttir hjá Kraum.

#### ÚTSKRIFT OG INNTAKA NÝRRA NEMENDA

Önninni lauk með sameiginlegri sýningu allra nemenda sem eru í fullu nám við skólann í tilvonandi Lækningaminjasafni á Seltjarnarnesi.

Í námsferðinni sem farin var til **Herriott Watt** háskólans í Skotlandi voru allir nemendur textíldeilda boðaðir í viðtöl þar sem nemendur sýndu ferilmöppur eða portfolio. Eftir skoðun á porfolio nemenda var öllum gefið vilyrði um inngöngu á 3 ár ef þeir sækta formlega um. Enginn nemandi kaus hins vegar að nýta sér þessa leið og þótti mörgum fjarlægð frá stórborgum galli á annars metnaðarfullum skóla sem er stærsti sérhæfði textílháskóli Evrópu.

Alls útskrifuðust 10 nemendur og héldu nokkrir áfram námi, meðal annars við textíldeild Central Saint Martins og í myndlistadeild Geirrit Rietveld háskólans. Einn nemandi ákvað að sækja um skólavist í VIA university college sem var samstarfskóli Myndlistaskólans í Evrópuverkefninu Knowhow2. Hóf hann nám á þriðja ári en var ekki ánægður þar sem honum þótti kennslan ekki hafa verið í takti við þær upplýsingar sem honum höfðu verið veittar.

Einnig höfðu áherslur í listháskólanum í Bergen breyst á þann veg að engum nemanda Myndlistaskólans var nú boðið inn á þriðja ár, hvorki úr textíldeildinni né úr mótnardeildinni, má rekja það til breyttra áherslna og deildaskiptingar innan skólans.

Alls bárust 30 umsóknir um nám í textíldeild og voru 13 teknir í viðtöl. Ákveðið var að forma betur hvers er vænst af umsækjendum í portfólíum þeirra. Tíu umsækjendum var boðin skólavist.

#### A HLUTI – HAUST 2012 – TREFJAR

**Þema:** Grunneind textílsins var skoðuð, trefjarnar, hefðin og bakgrunnurinn. Textíll á sér djúpar rætur á Íslandi og könnuðu nemendur möguleika textíls og trefja í tengslum við bakgrunninn og skoða möguleika þeirra í samtímanum, (skoðað var hvað hefur verið gert og hvað er hægt að gera). Fjölbreyttar tilraunir eru gerðar til

að kynnast möguleikum trefjanna í nýju samhengi í gegnumspuna, vefnað og teikningu.

#### Lotur í A-hlutanum voru:

**Ullarvinnsla og jortalitun:** 4. vikur. Ásthildur Magnúsdóttir kenndi undirstöðuatriði í ullarvinnslu og Guðrún Bjarnadóttir kenndi helstu aðferðir við jortalitun. Unnið var að þráðagerð bæði á hefðbundinn hátt og óhefðbundinn í gegnum tilraunir með spuna og fjölbreytni í efnisvali.

**Vefnaður:** 7 vikur. Ásthildur Magnúsdóttir kenndi vefnað. Kennd voru undirstöðuatriði í vefnaði, allt frá því að velja garn í uppistöðu og ívaf, reikna út garnmagn, rekja og binda upp í vefstólinn. Nemendur bundu upp í 12 stóla og ófu.

**Prjónatækni:** 2 vikur. Magnea Einarsdóttir kenndi nemendum tæknilegan grunn fyrir prjón s.s. mikilvægi prjónfestu, mismunandi aðferðir við uppfít, affellingar, úrtökur og útauksningu.

**Efnisfræði textilefna:** Dreift yfir önnina. Arnþrúður Ösp Karlsdóttir fjallaði um hráefni til þráðargerðar og helstu aðferðir til vinnsluovoðar. Nemendur lærðu að greina textilefni með sérstökum aðferðum og þekkja sérkenni, eiginleika, möguleika og takmarkanir þeirra við vinnslu á textíl.

#### Fræðilegir áfangar:

Tóvinna í íslenska sveitasamfélögnum. **Kennari:** Áslaug Sverrisdóttir *Saga manns og hlutar:* **Kennari:** Elísabet Ingvarsdóttir og fleiri.

**Textílpottur:** Dreift yfir önnina.

**Umsjón:** Andrea Fanney Jónsdóttir. Í Textílpottinum á A hluta var farið í vettvangsferð í Borgarfjörðinn. Guðrún Bjarnadóttir eigandi Hespu hélt kynningu á jortalitun og fór með nemendur í Ullarselið á Hvanneyri. Einnig var Geitabúið á Háafelli heimsótt ásamt Kanínubúinu Ferjubakka þar sem nemendur kynntust starfseminni og sóttu hráefni í spunaprufur. Einnig var farin ferð norður á land þar sem heimsóttir voru eftirtaldir staðir: Ullarpvottastöð ÍSTEX Blönduðosi, Heimiliðiðnaðarfélagið Blönduðosi, Textílsetrið Blönduðosi, Listasafn Akureyrar, Safnasafn, lðnaðarsafnið, vinnustofa Ragnheiðar Þórssdóttur vefara, Gestastofa sútarans Sauðárkróki og KIDKA prjónaverksmiðja Hvammstanga. Að auki var farið í skoðunarferð um spunaverksmiðju ÍSTEX í Mosfellsbæ. Gestafyrirlesarar á önninni voru Hildur Bjarnadóttir og Ragnheiður Eiríksdóttir.

Undir Textílpottinn fell líka kennsla í teikningu, ljósmyndun og portfolio gerð. Sólveig Aðalsteinsdóttir kenndi nemendum teikningu og aðferðir við að halda hugmyndum sínum til haga með skissuvinnu á mismunandi pappír með margskonar áhöldum. Skoðaðar voru sýningar og skissuvinnna ólíkra listamanna kynnt. Vigfús Birgisson kenndi nemendum að setja upp stúdíóljós og taka myndir af eigin verkum og í framhaldinu lærðu nemendur að setja upp ferilmöppu eða portfolio hjá Helgu Óskarsdóttur.


Önninni lauk með sýningu nemenda diplómadeilda í húsnæði skólans.

# SKIPURIT

Myndlistaskólinn í Reykjavík er sjálfseignarstofnun. Að sjálfseignarstofnunni stendur félag um Myndlistaskóla þar sem eru 94 félagsmenn. Í félagið er boðið kennurum og starfsfólk sem tengst hefur skólanum um nokkurt skeið og öðrum velunnurum skólans. Skólastjóri er í stjórn sjálfseignarstofnunar og sér um daglegan rekstur skólans. Skólastjóri er yfirmaður allra deildarstjóra og annarra fastra starfsmanna skólans sem voru árið 2012 25 talsins. Kennarar skólans, sem voru á árinu 104 heyra undir viðkomandi deildarstjóra. Eftirfarandi starfsmenn voru í föstu starfi við skólann árið 2012:

## STARFSFÓLK 2012

Rekstrarsvið:		
Skólastjóri	100%	Ingibjörg Jóhannsdóttir
Bókasafn	69%	Guðrún Hannesdóttir - Herdís Tómasdóttir - Sigriður Björg Sigurðardóttir
Bókhald og fjármál	110%	Björg Elín Pálsdóttir - Herdís Ellen Gunnarsdóttir
Skrifstofa	282%	Hafdís Helgadóttir - Ína Salóme Hallgrímsdóttir Ninna M Þórarinsdóttir - Hrönn Magnúsdóttir
Ræstingar	103%	Valur Smári Stefánsson
Umsjónarmaður húss og tækja	97%	Sigurjón Gunnarsson
Viðhald á húsnæði	58%	Hilmar Guðjónsson
Almenn námskeið - deildarstjórn	22%	Sigtryggur Bjarni Baldvinsson - Kristinn Harðarson - Halldóra Ingimarsdóttir
Barnadeild - deildarstjórn	76%	Þorbjörg Þorvaldsdóttir - Halldóra Ingimarsdóttir
Keramikdeild - deildarstjórn & umsjón	106%	Ólöf Erla Bjarnadóttir - Sigurlína Margrét Osuala
Myndlista- og hönnunardeild - deildarstj.	174%	Inga Þórey Jóhannsdóttir - Bjarki Bragason - Áslaug Thorlacius
Teikning - deildarstjórn	46%	Anna C Leplar
Textíll - deildarstjórn	58%	Hildur Bjarnadóttir - Andrea Fanney Jónsdóttir
<b>Rekstrarsvið samtals</b>	<b>1300%</b>	
<b>Samtals starfsmenn</b>	<b>25</b>	
Launþegar	81	
Verktakar	131	
<b>Samtals launþegar og verktakar</b>	<b>212</b>	



## TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR um starfsemi skólans árið 2012

<b>VORÖNN 2012</b>	<b>Nemendur</b>	<b>Námskeið</b>	<b>Kennslustundir</b>	<b>Kennrarar</b>
SJÖNLISTADEILD	25	12	1574	23
MYNDLISTA- OG HÖNNUNARSVIÐ	29	12	1152	21
KERAMIK KJÖRSVIÐ				
MÓTUN B	12	3	457	9
MÓTUN D	9	4	452	7
TEIKNING B				
TEIKNING D	13	3	483	15
TEXTÍLL B				
TEXTÍLL D	12	4	446	15
ALMENN NÁMSKEIÐ	201	24	1285	27
SAMSTARFSVERKEFNI Almenn námskeið	40	3	200	6
ENDURMENNTUN	110	2	82	9
BÖRN OG UNGT FÓLK	224	24	901	33
DYMBILVIKUNÁMSKEIÐ	10	1	12	1
LISTASMIÐJUR	96	6	12	12
LEIKSKÓLASAMSTARF	25	2	54	3
LISTBÚÐIR grunnskólanemenda				
SAMSTARFSVERKEFNI Barnadeild				
SUMARNÁMSKEIÐ	134	12	340	16
LISTBÚÐIR ERLENT SAMSTARF				
<b>HAUSTÖNN 2012</b>	<b>Nemendur</b>	<b>Námskeið</b>	<b>Kennslustundir</b>	<b>Kennrarar</b>
SJÖNLISTADEILD (áður: Myndlista- og hönnunarsvið / Fornám)	58	24	2861	44
KERAMIK KJÖRSVIÐ	7	5	393	11
MÓTUN A-hluti	10	3	429	7
MÓTUN C-hluti	7	5	443	12
TEIKNING A-hluti	14	4	456	17
TEIKNING C-hluti				
TEXTÍLL A-hluti	13	5	626	9
TEXTÍLL C-hluti				
ALMENN NÁMSKEIÐ	186	21	1155	28
SAMSTARFSVERKEFNI Almenn námskeið	30	3	143	7
ENDURMENNTUN				
BÖRN OG UNGT FÓLK	191	24	840	33
SAMSTARFSVERKEFNI Barnadeild: Leikskólasamstarf	27	2	54	2
LISTBÚÐIR grunnskólanemenda	125	1	177	3
LISTBÚÐIR erlent samstarf	5	1	30	1
<b>Samtals á árinu 2012</b>	<b>1613</b>	<b>210</b>	<b>15057</b>	<b>371</b>

## Leiðréttингablað ársskýrslu 2012

### FJÖLDI NEMENDA samanburður milli ára

VORANNIR	2012	2011	2010	2009	2008	2007	2006
SJÓNLIST 1 árs námsbraut (áður: Myndlista- og hönnunarsvið / Fornám)	29	33	34	29	31	26	22
SJÓNLIST tveggja ára nám til stúdentsprófs (1. ár)	25	*	*	*	*	*	*
SJÓNLIST tveggja ára nám til stúdentsprófs (2. ár)							
KERAMIK KJÖRSVIÐ				7	8	6	10
MÓTUN B	12	14	13	12	11		
MÓTUN D	9	9	13	8			
TEIKNING B		14					
TEIKNING D	13						
TEXTÍLL B	*	12					
TEXTÍLL D	12						
ALMENN NÁMSKEIÐ	201	266	244	253	215	191	177
SAMSTARFSVERKEFNI Almenn námskeið	40	32	50	26	6		
ENDURMENNTUN	110	43	34	79			
BÖRN OG UNGT FÓLK	224	217	189	207	255	217	199
DYMBILVIKUNÁMSKEIÐ	10	10	18	17	17	23	13
LISTASSMIÐJUR	96		80				
LEIKSKÓLASAMSTARF	25	26	54	53	40	42	
LISTBÚÐIR grunnskólanemenda		115	120 *	129	131	45	
SAMSTARFSVERKEFNI Barnadeildar			15	6		10	
SUMARNÁMSKEIÐ	134	155	180	218	144	237	187
LISTBÚÐIR ERLENT SAMSTARF		29	8	5	17	5	
HAUSTANNIR							
SJÓNLIST 1 árs námsbraut (áður: Myndlista- og hönnunarsvið / Fornám)	19 *	34 *	34 *	34 *	29 *	31 *	30 *
SJÓNLIST tveggja ára nám til stúdentsprófs (1. ár)	15 **	33					
SJÓNLIST tveggja ára nám til stúdentsprófs (2. ár)	24 **						
KERAMIK KJÖRSVIÐ	7	7	8	12	7		11
MÓTUN A-hluti	10	14	11	11	11		
MÓTUN C-hluti	7	12	12	13	9		
TEIKNING A-hluti	14		14				
TEIKNING C-hluti		14					
TEXTÍLL A-hluti	13		12				
TEXTÍLL C-hluti		12					
ALMENN NÁMSKEIÐ	186	184	231	199	207	207	195
SAMSTARFSVERKEFN Almenn námskeið	30	44	29	20	6	19	
ENDURMENNTUN		10	17				
BÖRN OG UNGT FÓLK	191	177	182	166	203	194	153
SAMSTARFSVERKEFNI Barnadeild	27	30	31	39	97	199	64
LISTBÚÐIR grunnskólanemenda	125			115	150		
LISTBÚÐIR erlent samstarf	5						
<b>Fjöldi nemenda milli ára</b>	<b>1613</b>	<b>1546</b>	<b>1633</b>	<b>1658</b>	<b>1594</b>	<b>1452</b>	<b>1061</b>
	***	***	***	***	***	***	***

Leiðréttigar:

\* leiðrétt talning

\*\* nemendafjölda skipt upp

\*\*\* leiðrétt samlagning

## FJÖLDI NEMENDA samanburður milli ára

VORANNIR	2012	2011	2010	2009	2008	2007	2006
SJÖNLISTADEILD	25	33	34	29	31	26	22
MYNDLISTA- OG HÖNNUNARSVIÐ	29	33	34	29	31	26	22
KERAMIK KJÖRSVIÐ				7	8	6	10
MÓTUN B	12	14	13	12	11		
MÓTUN D	9	9	13	8			
TEIKNING B		14					
TEIKNING D	13						
TEXTÍLL B		12					
TEXTÍLL D		12					
ALMENN NÁMSKEIÐ	201	266	244	253	215	191	177
SAMSTARFSVERKEFNI Almenn námskeið	40	32	50	26	6		
ENDURMENNTUN	110	43	34	79			
BÖRN OG UNGT FÓLK	224	217	189	207	255	217	199
DYMBILVIKUNÁMSKEIÐ	10	10	18	17	17	23	13
LISTASSMIÐJUR	96		80				
LEIKSKÓLASAMSTARF	25	26	54	53	40	42	
LISTBÚÐIR grunnskólanemenda		115	200	129	131	45	
SAMSTARFSVERKEFNI Barnadeildar			15	6		10	
SUMARNÁMSKEIÐ	134	155	180	218	144	237	187
LISTBÚÐIR ERLENT SAMSTARF		29	8	5	17	5	0
HAUSTANNIR	2012	2011	2010	2009	2008	2007	2006
SJÖNLISTADEILD (áður: Myndlista- og hönnunarsvið / Fornám)	58	33					
KERAMIK KJÖRSVIÐ	7	7	8	12	7		11
MÓTUN A-hluti	10	14	11	11	11		
MÓTUN C-hluti	7	12	12	13	9		
TEIKNING A-hluti	14		14				
TEIKNING C-hluti		14					
TEXTÍLL A-hluti	13		12				
TEXTÍLL C-hluti		12					
ALMENN NÁMSKEIÐ	186	184	231	199	207	207	195
SAMSTARFSVERKEFNI Almenn námskeið	30	44	29	20	6	19	
ENDURMENNTUN		10	17				
BÖRN OG UNGT FÓLK	191	177	182	166	203	194	153
SAMSTARFSVERKEFNI Barnadeild: Leikskólasamstarf	27	30	31	39	97	199	64
LISTBÚÐIR grunnskólanemenda	125			115	150		
LISTBÚÐIR erlent samstarf	5			115	150		
Fjöldi nemenda milli ára	1613	1545	1713	1768	1746	1447	1053

# FÉLAGATAL

## MYNDLISTASKÓLANS Í REYKJAVÍK

Anna Cynthia Leplar  
Anna Guðjónsdóttir  
Anna Hallin  
Anna Þóra Karlisdóttir  
Áslaug Thorlacius  
Ásthildur Magnúsdóttir  
Birgir Snæbjörn Birgisson  
Bjarni Hinriksson  
Bjarki Bragason  
Björk Guðnadóttir  
Borghildur Óskarsdóttir  
Brynhildur Pálsdóttir  
Brynhildur Þorgeirsdóttir  
Búi Kristjánsson  
Daði Guðbjörnsson  
Einar Garíbaldi Eirksson  
Elísa Björg Þorsteinsdóttir  
Elsa Dóróthea Gísladóttir  
Erla Stefánsdóttir  
Eygló Harðardóttir  
Finnur Arnar Arnarsson  
Gerður Leifsdóttir  
Guðbjörg Káradóttir  
Guðjón Ketilsson  
Guðný M. Magnúsdóttir  
Guðrún Einarsdóttir  
Guðrún Hannesdóttir  
Guðrún Hrönn Ragnarsdóttir  
Guðrún Vera Hjartardóttir  
Guja Dögg Hauksdóttir  
Hafdis Helgadóttir  
Halldór Baldursson  
Hallsteinn Sigurðsson  
Haraldur Jónsson  
Helgi Gíslason  
Herdís Ellen Gunnarsdóttir  
Herdís Tómasdóttir  
Hildigunnur Birgisdóttir  
Hildur Bjarnadóttir  
Hilmar Guðjónsson  
Hlíf Ásgrímsdóttir  
Hrafnkell Birgisson  
Inga Þórey Jóhannsdóttir  
Ingibjörg Böðvarsdóttir  
Ingibjörg Jóhannsdóttir  
Ingirafn Steinarsson  
Ingólfur Arnarsson  
Ína Salóme Hallgrímsdóttir  
Jóhann Torfason  
Jón Axel Björnsson  
Jón B.K. Ransu  
Karl Jónsson  
Katrín Briem  
Kolbrún S. Kjarval  
Kolbeinn Hugi Höskuldsson  
Kristinn G. Harðarson  
Kristinn Helgason  
Kristín Hauksdóttir  
Kristín Ísleifsdóttir  
Kristín Reynisdóttir  
Kristján Steingrímur Jónsson  
Lísa Guðjónsdóttir  
Margrét H. Blöndal  
Margrét Friðbergsdóttir  
Margrét Zophoníasdóttir  
Ólafur Gíslason  
Ólöf Erla Bjarnadóttir  
Ólöf Nordal  
Ósk Vilhjálmsdóttir  
Páll Thayer  
Ragnhildur Stefánsdóttir  
Shauna Laura Jones  
Sigríður Erla Guðmundsdóttir  
Sigríður Helga Hauksdóttir  
Sigríður Melrós Ólafsdóttir  
Sigrún Ólöf Einarsdóttir  
Sigrún Guðmundsdóttir  
Sigtryggur B. Baldvinsson  
Sigurður Guðmundsson  
Sigurður Þórir  
Sigurjón Gunnarsson  
Sigurlaug Lövdahl  
Sigurlína Osula  
Sólveig Aðalsteinsdóttir  
Svanborg Matthíasdóttir  
Tinna Gunnarsdóttir  
Unnar Örn Jónasson Auðarson  
Valgerður Bergsdóttir  
Vigfús Birgisson  
Vilhjálmur Þorsteinsson  
Þorbjörg Höskuldsdóttir  
Þorbjörg Þorvaldsdóttir  
Þorri Hringsson  
Þóra Sigurðardóttir



MYNDLISTASKÓLINN  
Í REYKJAVÍK